# FRÉTTABLAÐIÐ

246. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER 2019




Akureyrarbær hélt í gær fjölmennan íbúafund um breytingu á aðalskipulagi fyrir hluta Oddeyrar. Bæjarstjórnin samþykkti nýverið skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi. Þar hefur skilgreindu athafnasvæði verið breytt í íbúðarsvæði fyrir allt að 11 hæða fjölbýlishús. Í fundarboði var tekið fram að fundargestum gæfist að fundi loknum „tækifæri til að kynna sér skipulagslýsinguna í rólegheitum…“ – Fundurinn fór friðsamlega fram en greina mátti kurr meðal fundargesta og undirliggjandi öldu gagnrýni á fyrirætlanir bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Ummæli sæma ekki formanni bankaráðs Seðlabanka Íslands

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins furðar sig á viðbrögðum Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabankans, varðandi nýtt frumvarp sem ætlað er að einfalda samkeppnislöggjöf landsins. Þau samræmist ekki stöðu hans. Ráðherrar kynntu í gær ítarlegar tillögur um einföldun regluverks.**

STJÓRNSÝSLA „Það er hryggilegt og ekki sæmandi formanni bankaráðs Seðlabanka Íslands að lýsa afstöðu sinni með þessum hætti,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um viðbrögð Gylfa Magnússonar, dósents við Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, við nýju frumvarpi sem á að einfalda samkeppnislöggjöf landsins verulega. Gagnrýndi Gylfi frumvarpið harðlega og sagði meðal annars að „blautir draumar fákeppnismógúla væru að rætast“.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að afnema heimild Samkeppniseftirlitsins til að áfrýja niðurstöðum áfrýjunarnefndar til dómstóla. Þá er einnig ráðgert að afnema heimild stofnunarinnar til íhlutunar í starfsemi fyrirtækja sem ekki hafa gerst brotleg við samkeppnislög. Að sögn Gylfa eru þessi baráttumál ekki ný af nálinni hjá hagsmunaaðilum. „Hugmyndir í þessa veru hafa oft verið viðraðar áður en ekki fengið brautargengi vegna harðrar andstöðu. Nú sjá þeir hins vegar greinilega lag til að knýja þetta fram,“ sagði Gylfi.

> **Formaður bankaráðs verður að gæta þess að vegna stöðu sinnar er á hann hlustað**
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



„Formaður bankaráðs verður að gæta þess að vegna stöðu hans er á hann hlustað, orð hans metin bæði hér á landi og erlendis. Það stendur upp á hann að skýra hvernig þetta samræmist stöðu hans og ég vænti þess að gengið verði eftir þeim skýringum,“ segir Halldór.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir og Kristján Þór Júlíusson héldu blaðamannafund í gær þar sem tillögur þeirra um einföldun á regluverki voru lagðar fram. – bþ / sjá síðu 4

## Vildu innspark í stað innkasts

FÓTBOLTI Á Faxaflóa- og Reykjavíkurmótum fimmta flokks verður spilað eftir hugmyndum Arnars Þórs Viðarssonar, yfirmanns knattspyrnumála KSÍ, en fjórar breytingar eru þar á meðal.



Arnar Þór Viðarsson.

Sparkað verður inn í stað innkastsins, hálfleikjum verður fjölgað, þjálfarar dæma leikina hjá þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref og einnig spila sumir á minni velli. „Við erum búin að funda oft með yfirþjálfurum yngri flokka þar sem við höfum verið að ræða hluti sem geta stuðlað að því að við búum til aðeins betri leikmenn,“ segir Arnar. Nánar er fjallað um breytingarnar á íþróttasíðunni. – bb / sjá síðu 10




## Veður




Norðaustan 8-15 í dag og él, en lengst af bjartviðri syðra. Hiti kringum frostmark. SJÁ SÍÐU 14




**Röðin var löng í dekkjaskipti á Akureyri í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Vilja ekki nagladekk

**AKUREYRI** „Auðvitað togast þetta alltaf á, það er öryggismál og umhverfismál,“ segir Guðríður Erla Friðriksdóttir, sviðstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar. Tilkynning birtist á vef bæjarins á föstudag þar sem Akureyringar eru hvattir til þess að draga úr notkun nagladekkja í bænum.

Í tilkynningunni kemur fram að síðastliðin fimm ár hafi að meðaltali 74 prósent bifreiðaeigenda á Akureyri ekið um á nagladekkjum. Nagladekk auka svifryksmengun, valda hávaða og slíta malbiki hraðar en önnur dekk.

„Við erum einnig að hvetja fólk til þess að vera á nöglum eins stutt og mögulegt er,“ segir Guðríður. „Fólk upplifir sig auðvitað í mörgum tilfellum öruggara á negldum dekkjum og við höfum skilning á því en þeir sem eru kannski ekki að ferðast á milli landshluta heldur keyra meira innanbæjar geta þá frekar verið naglalausir.“

Gagnrýnisraddir hafa heyrst um að erfitt gæti reynst að vera á naglalausum dekkjum á Akureyri og þá sér í lagi að erfitt gæti reynst að aka upp Gilið. „Það koma auðvitað dagar þar sem það er fljúgandi hálka en þá gerum við ráðstafanir til að draga úr hálkunni, til dæmis með því að sanda,“ segir Guðríður.

„Ég held að fólk sé allt af vilja gert til þess að hjálpa okkur við þetta og vernda umhverfið en auðvitað skilur maður líka að fólk sé að hugsa um öryggi sitt og annarra vegfarenda,“ segir hún. – **bdj**

## Strandlengja Reykjavíkur í stöðugri mótun



**Unnið að landfyllingu sunnan Skarfaskers /Skarfabakka í Reykjavík. Alls fara 300.000 rúmmetrar af jarðvegi byggingarsvæðis Landspítalans við Hringbraut til landfyllingar samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur. Það er 2,5-3 hektara stækkun svæðis Sundahafnar.** FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

## Tímabundinn forstjóri UMST

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, hefur sett Sigrúnu Ágústsdóttur, sviðstjóra hjá Umhverfisstofnun, til að gegna tímabundið embætti forstjóra stofnunarinnar til 1. mars 2020, þar til nýr forstjóri hefur verið ráðinn.



**Sigrún Ágústdóttir, settur forstjóri Umhverfisstofnunar.**

Sigrún, sem er lögfræðimenntuð, hefur starfað sem sviðstjóri hjá UMST í rúman áratug. Hún hefur einnig verið staðgengill forstjóra.

Embætti forstjóra UMST var auglýst til umsóknar þann 10. október síðastliðinn og er umsóknarfrestur til 28. október. Gerð er krafa um leiðtogahæfileika. – **bþ**

# Smjörbirgðir ekki verið meiri í þrjú ár

MS á nú um 650 tonn af smjöri. Áætlanir uppi um að flytja allt að þrjú hundruð tonn til útlanda á þessu ári til að ná jafnvægi á markaði hér innanlands. Framleiðslustýring mikilvæg í þessu árferði að mati forsvarsmanns kúabænda.

**LANDBÚNAÐUR** Smjörbirgðir Mjólkursamsölunnar hafa ekki verið meiri í þrjú ár og eru birgðirnar nú um 650 tonn. Flutt hafa verið út á árinu hundrað tonn af smjöri og í bígerð er að flytja út allt að 200 tonn í viðbót til afsetningar. Formaður Landssambands kúabænda segir þetta gefa til kynna að framleiðsla á mjólk sé eilítið of mikil eins og staðan er í dag.

Í yfirliti Pálma Vilhjálmssonar, aðstoðarforstjóra MS, um mjólkurbirgðir sem birtist í svokölluðum mjólkurpósti til bænda kemur fram að smjörbirgðirnar núna séu um 150 tonnum meiri í lok ágúst en á sama tíma árið 2018. Birgðir hafa ekki verið svona miklar síðan í ágústmánuði árið 2016. Það sem af er árinu hafa rúmlega hundrað tonn verið flutt út af smjöri og hafa fengist fyrir það um 490 krónur á hvert kíló til útflutnings. Einnig segir Pálmi í yfirliti sínu að í undirbúningi sé útflutningur á allt að tvö hundruð tonnum af smjöri til viðbótar.

„Útflutningur á mjólkurvörum frá Íslandi verður seint til þess að borga sig. Markaðir í Evrópu eru fullir og verðlag á Íslandi með þeim hætti að það er tiltölulega dýrt að stunda framleiðslu hér, hvaða nafni sem hún nefnist,“ segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda. „Framleiðslan hér innanlands er heldur yfir þörfum sem nauðsynlegt er á hverjum tíma til þess að við getum verið viss um að geta sinnt okkar heimamarkaði. Útflutningur er fyrst og fremst stundaður til að halda jafnvægi.“

Kílóverð á smjöri er um eitt þúsund krónur út úr búð. Verðið sem hefur fengist fyrir útflutning er hins vegar helmingi lægra, eða tæpar 500 krónur á hvert kíló.

„Það er ákveðin útflutningsskylda og við erum að takast á við þá skyldu. Við sjáum á þessari stöðu að það var heillavænlegt af bændum að halda í kvótafyrirkomulagið til þess að missa ekki framleiðsluna út í vitleysu. Það hefði ekki verið til hagsbóta fyrir íslenska bændur að missa framleiðslustýringuna,“ bætir Arnar við. **sveinn@frettabladid.is**




**Nóg er til af smjöri og er ráðgert að flytja allt að 200 tonn til útlanda á árinu til viðbótar við þau 100 tonn sem þegar eru farin.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Markaðir í Evrópu eru fullir og verðlag á Íslandi með þeim hætti að það er tiltölulega dýrt að stunda framleiðslu hér, hvaða nafni sem hún nefnist.

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda







Bandarískar hersveitir á ferð sinni í gær frá Sýrlandi til vesturhluta Íraks. Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir þá ákvörðun að kalla hermenn Bandaríkjanna frá Sýrlandi. Með því sé verið að svíkja langvarandi bandamenn sem hafi misst rúmlega tíu þúsund menn í baráttunni við hryðjuverkasamtökin ISIS. Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Mark Esper, hefur sagt að ekki sé útilokað að bandarískar hersveitir myndu gera árásir á hryðjuverkasamtökin bæði í Írak og í Sýrlandi. En á meðan herja Tyrkir á Kúrda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Nicolas Maduro, forseti Venesúela, á opinberri mynd, fagnar sæti landsins í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Sagði Maduro að rógsherferð Bandaríkjanna og margra alþjóðastofnana gegn landinu hefði ekki dugað til. Íslensk stjórnvöld segja að ástandið í landinu stappi nærri einræði og styðja Juan Gauidó, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Venesúela, sem lýsti sig réttmætan forseta landsins. Nicolas Maduro vísar því á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fyrirsæta, íklædd hönnun frá Merlin Castell, er einbeitt í vinnunni á tískuvikunni í Los Angeles sem hefur staðið yfir síðustu daga. NORDICPHOTOS/GETTY



Arnold Schwarzenegger og Linda Hamilton mættu á forsýningu nýjustu myndar sinnar, Terminator: Dark Fate, í borginni Seúl í Suður-Kóreu. Myndin, sem verður frumsýnd á Íslandi, 1. nóvember er beint framhald af Terminator 2: Judgement Day. NORDICPHOTOS/GETTY



Paris Hilton lét sig að sjálfsögðu ekki vanta á Libertine-tískusýningunni á New York tískuhátíðinni sem fór fram á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hagspá Landsbankans

## Hagkerfið kemur inn til mjúkrar lendingar

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem meðal annars verður kynnt ný þjóðhags- og verðbólguspá Hagfræðideildar bankans til næstu þriggja ára. Fundurinn verður haldinn í **Silfurbergi í Hörpu, miðvikudaginn 30. október kl. 8.30–10.30.** Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.




## Erlend staða þjóðarbúsins 2000–2019

Eignir  Skuldir

Eignir og skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu. Án innlánsstofnana í slitameðferð. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

**Dagskrá fundar**

**Daníel Svavarsson**, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnir þjóðhags- og verðbólguspá bankans.

**Una Jónsdóttir** og **Ari Skúlason** í Hagfræðideild Landsbankans fjalla um stöðu og horfur á húsnæðismarkaði.

**Jamie Rush**, aðalhagfræðingur Evrópudeildar Bloomberg Economics í London, fjallar um viðskiptastríð, Brexit, Kína og horfurnar fyrir Evrópu.

**Pallborðsumræður**

**Guðrún Hafsteinsdóttir,** formaður SI. **Eggert Þór Kristófersson,** forstjóri Festi. **Jón Sigurðsson,** forstjóri Össurar. **Lilja B. Einarsdóttir,** bankastjóri Landsbankans.

**Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir,** framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum, stýrir fundi.
**Fanney Birna Jónsdóttir,** fjölmiðlakona, stýrir umræðum.

**Skráning á landsbankinn.is.**

#hagspa

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 **Landsliðsmarkvörður opnar sig** Björgvin Páll Gústavsson opnaði sig um glímu sína við andleg og líkamleg veikindi á samfélagsmiðlum.

2 **Í sjálfheldu á Jökulsárlóni** Erlendur ferðamaður virti viðvörunarskilti að vettugi og lenti í sjálfheldu á Jökulsárlóni.

3 **Langaði að sýna aðra týpu af kvenlíkama** Leikkonan Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir ræddi hlutverk sitt í þáttunum Pabbahelgum á RÚV

4 **Áhöfn TF-SIF í Miðjarðarhafi** Áhöfn flugvélar Landhelgisgæslunnar stuðlaði að björgun rúmlega 1.300 flóttamanna í síðasta mánuði.

5 **Samkeppnislögin verði einfölduð** Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðherra, lagði fram frumvarp um breytingar á samkeppnislöggjöfinni.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

# Erfitt fyrir foreldra að heyra að skólanum verði lokað

**REYKJAVÍK** Meirihluti skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar hefur lagt til að skólahald í Kelduskóla Korpu verði lagt af, a.m.k. tímabundið, og nemendum boðin skólavist í Engjaskóla. Nemendum í Korpuskóla hefur fækkað mjög á síðustu árum, úr 140 árið 2012 í 59 á þessu skólaári. Hjallastefnan hefur lýst yfir áhuga á að taka yfir skólann.

„Börn í hverjum árgangi eru allt niður í fjögur talsins og það er ávísun á verri aðbúnað en við viljum bjóða okkar nemendum bæði náms- og félagslega,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. „Meginatriðið er að geta boðið nemendum meiri fjölbreytni í námi og ekki síður félagslega, þ.e. að börnin hafi gott val þegar kemur að vinasamböndum og félagslegum tengslum.“

**Við munum láta í okkur heyra á næstu vikum og munum ekki gefast upp.**

Sævar Reykjalín



Sævar Reykjalín, formaður foreldrafélags Kelduskóla, segir tillöguna reiðarslag. „Það er mjög sorglegt að þetta skuli vera niðurstaðan. Það er mikil skammsýni,“ segir Sævar. „Þetta er erfitt fyrir foreldra að heyra að skólanum verði lokað.“

Hann boðar aðgerðir foreldra í hverfinu til að fá meirihlutann til að skipta um skoðun. „Við munum láta í okkur heyra á næstu vikum og munum ekki gefast upp.“ **– ab**

# Eru fyrst og fremst að taka til

**Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra boða aðgerðir til að einfalda regluverk. Binda vonir við að önnur ráðuneyti og sveitarfélög grípi til sömu aðgerða.**

**STJÓRNSÝSLA** „Við erum með þyngsta eftirlitskerfi innan OECD, það er ekki vænlegt til árangurs. Það er sameiginlegt verkefni að laga það og þess vegna erum við að keyra þetta verkefni í gang,“ segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Á blaðamannafundi í gær kynnti hún aðgerðir til að einfalda regluverk ásamt Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í síðustu viku var opinberað frumvarp, svokallaður bandormur, þar sem felldir eru á brott heilu lagabálkarnir.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Þórdís Kolbrún einnig lagt fram frumvarp um breytta samkeppnislöggjöf með það að markmiði að einfalda framkvæmd og auka skilvirkni. Það frumvarp er þó óskylt þessum breytingum á regluverkinu, en í stóru myndinni er þetta sama verkefnið. „Ég er mjög meðvituð um að það verða tvö atriði í frumvarpinu sérstaklega gagnrýnd, varðandi markaðsrannsóknir og varðandi áfrýjunarheimild, ef þú tekur þær tvær út fyrir sviga þá eru aðrar tillögur gerðar til að létta á eftirlitinu, stytta málsmeðferðartíma og forgangsraða,“ segir Þórdís Kolbrún.

Aðspurð hvort hún búist við tregðu í kerfinu við svo miklar breytingar segist Þórdís Kolbrún ekki hafa fundið fyrir slíku enn. „Við erum að vinna þetta með undirstofnunum og það er alveg skýrt hvert við viljum fara. Ég held að það sé samhljómur um að það sé ekki óþarfa regluverk, svo getur okkur greint á um hvað er óþarfi og hvað ekki.“

Reglugerðarbreytingarnar í gær eru fyrsta skrefið í átt að því að einfalda regluverkið. Næsta skref er frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. „Þriðji áfanginn er sá flóknasti, hann snýr að eftirlitsreglunum sem eru nú í gangi í laga- og regluverkinu sem fyrirtæki eiga að starfa eftir. Þar erum við komin á fullt í samráði við bæði stofnanirnar okkar og atvinnulífið,“ segir Kristján Þór. Mun það frumvarp koma fram í lok næsta árs.



**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, með reglugerðirnar 1.090 sem hann felldi úr gildi í gær og grínaðist með að brenna. Um er að ræða úreltar reglugerðir sem hafa litla þýðingu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu erum með flókið regluverk, bæði í reglugerðum og lögum, og ekki síður í leyfisveitingum undirstofnana. Við ætlum að taka til í þessum efnum og einfalda sem mest það umhverfi sem atvinnurekstrinum er ætlað að starfa innan, við erum að stíga fyrsta skrefið í þá átt,“ segir Kristján Þór. Ekki er þó um að ræða neinar grundvallarbreytingar. „Við erum fyrst og fremst að taka til, henda út úreltu regluverki sem hefur engan tilgang, hefur bara hangið inni í kerfinu.“

**Ég held að það sé samhljómur um að það sé ekki óþarfa regluverk, svo getur okkur greint á um hvað er óþarfi og hvað ekki.**

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins binda ráðherrarnir vonir við að önnur ráðuneyti ráðist í sams konar aðgerðir, þá sérstaklega þau sem stjórnað er af öðrum Sjálfstæðismönnum. Einnig er vonast til að sveitarstjórnarstigið taki þessar aðgerðir til sín og einfaldi eigið regluverk. **arib@frettabladid.is**

# Staðfestu synjun

**STJÓRNSÝSLA** Ákvörðun stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um að synja ferðaþjónusturisanum Arctic Adventure um leyfi til siglinga á Jökulsárlóni árið 2018 var staðfest af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á dögunum. Arctic Adventures lagði fram stjórnsýslukæru til ráðuneytisins í kjölfar synjunarinnar á síðasta ári en niðurstaða ráðuneytisins er sú að ákvörðun stjórnarinnar hafi verið lögmæt og hafi ekki brotið á kæranda.

Málið vakti nokkra athygli um mitt ár 2018 en þá hafði fyrirtækið siglt með ferðamenn á lóninu heimsfræga án leyfis um skeið. Hafði fyrirtækið óskað eftir leyfi til siglinganna fyrr um veturinn en ekki fengið svar frá þjóðgarðinum fyrr en í maí. Þá var þegar búið að skipuleggja siglingarnar og var talið að fyrirtækið hefði túlkað sein svör sem samþykki fyrir því að hefja siglingarnar. **– bþ**

# Atli Rafn stefnir Persónuvernd

**DÓMSMÁL** Atli Rafn Sigurðsson leikari hefur stefnt Persónuvernd og gerir þá kröfu að úrskurður stofnunarinnar frá 15. október í fyrra verði felldur úr gildi. Málið hefur þegar verið þingfest. Atli Rafn kvartaði til Persónuverndar vegna synjunar Borgarleikhússins á beiðni hans um upplýsingar um efni og uppruna kvartana gagnvart honum sem fram komu í vinnuskjali leikhússtjóra Borgarleikhússins um kvartanir sem beindust að honum og urðu til þess að honum var vísað úr starfi.

Það var niðurstaða Persónuverndar að hlutaðeigandi einstaklingar yrðu ekki látnir sæta því að sá trúnaður sem þeim var heitið af hálfu leikhússtjóra yrði látinn víkja fyrir hagsmunum Atla Rafns og hefði henni því ekki verið skylt að veita honum umbeðnar upplýsingar.

Í byrjun mánaðarins fór fram aðalmeðferð í máli Atla Rafns gegn Borgarleikhúsinu, en hann fer fram á 13 milljónir í bætur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar og miska í kjölfar hennar. Við aðalmeðferðina lagði lögmaður Atla Rafns áherslu á að það hafi gert skjólstæðingi sínum ómögulegt að verjast kvörtununum að vita hvorki hvers eðlis þær voru né hvaðan þær stöfuðu.



**Atli Rafn ásamt lögmanni sínum, Einari Þór Sverrissyni, við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dóms er að vænta á næstunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dóms er að vænta í máli Atla gegn Borgarleikhúsinu á næstu dögum. **– aá**

ÚTSALA - ÚTSALA
50% Afsláttur
Olíulitir, vatnslitir, akrýlitir, penslar, trönur, flúraðir rammar, o.fl. o.fl.



Opið 8 - 16
LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is



Öll spjót standa á Sebastian Piñera, forseta Chile. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mannfall í Santiago

**CHILE** Að minnsta kosti 11 einstaklingar hafa látið lífið í öldinni sem hefur geisað í Santiago, höfuðborg Chile, undanfarna daga. Flest dauðsföllin hafa átt sér stað þegar fólk hefur freistast til að hnupla vörum úr brennandi stórmörkuðum borgarinnar.

**»** Við eigum í stríði við öflugan óvin sem virðir ekkert og eirir engu.

Almenningur í landinu er óttasleginn yfir hinum stjórnlausu óeirðum en í fyrsta skipti í þrjá áratugi þurfti her landsins að láta til sín taka á götum höfuðborgarinnar. Umdeild hækkun á miðaverði í neðanjarðarlestakerfi Santiago var neistinn sem kveikti elda ófriðar meðal almennings en áralöng misskipting auðs og spilling hafði lagt grunninn að vænum bálkesti.

Forseti landsins, Sebastian Piñera, lýsti yfir neyðarástandi í landinu fyrir helgi og dró síðan hina umdeildu miðahækkun til baka. Þær aðgerðir sefuðu ekki reiði mótmælenda. „Við eigum í stríði við öflugan óvin sem virðir ekkert og eirir engu,“ lét forsetinn hafa eftir sér í kjölfarið.

Mótmælendur hafa haldið því á lofti að fallið hafi heldur betur á glansmynd Chile sem fyrirmyndar annarra ríkja Suður-Ameríku. Sú mynd hafi verið byggð á sandi. – bþ

# Bandarísku sveitirnar grýttar við brottförina frá Sýrlandi

**Bandarískar hersveitir voru grýttar þegar þær yfirgáfu yfirráðasvæði Kúrda í norðurhluta Sýrlands í gær. Bandarísk stjórnvöld íhuga nú að staðsetja hluta herliðsins nálægt olíulindum á svæðinu til að aðstoða sveitir Kúrda gegn mögulegum árásum ISIS. Fimm daga tímabundnu vopnahléi á svæðinu lýkur í kvöld.**

**SÝRLAND** Bandarísku hersveitirnar sem staðsettar hafa verið í norðurhluta Sýrlands voru í gær fluttar yfir landamærin til Íraks. Um eitt hundrað brynvarðir bílar og flutningabílar fluttu hermennina. Reiðir íbúar á yfirráðasvæði Kúrda köstuðu skemmdum ávöxtum og grænmeti í bílalestina.

Reuters-fréttastofan hafði eftir Mark Esper, varnarmálaráðherra í ríkisstjórn Donalds Trump, að til greina komi að hafa hluta hersveitanna nálægt olíulindum í norðausturhluta Sýrlands. Þar gætu þær aðstoðað sveitir Kúrda við að verja lindirnar fyrir mögulegum árásum liðsmanna Íslamska ríkisins.

Breski miðilinn The Guardian hefur eftir hinum 56 ára gamla verslunareiganda Khalil Omar að fólk sé mjög reitt og hafi rétt á því vegna framferðis Bandaríkjamanna. „Við sendum börnin okkar til að berjast með þeim gegn ISIS og svo yfirgefa þeir okkur. Það verður erfitt að jafna sig á þessum svikum og ég vona að við munum þetta í framtíðinni.“

Donald Trump sagði í gær að Bandaríkjamenn hefðu aldrei lofað Kúrdum því að vera á svæðinu í 400 ár til að vernda þá.

Tímabundnu fimm daga vopnahléi á svæðinu lýkur í kvöld. Erdogan Tyrklandsforseti mun í dag ræða stöðuna á fundi með Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Erdogan hefur sagt að innrás Tyrkja í Sýrland muni halda áfram eftir að vopnahléinu lýkur. Markmið Tyrkja er að koma á öryggissvæði á 440 kílómetra löngum kafla á landamærunum.

Átök síðustu tveggja vikna eru að mati bresku mannréttindastofnunarinnar SOHR talin hafa kostað 120 óbreytta borgara lífið og um 470 liðsmenn hersveita Kúrda. Tyrknesk stjórnvöld halda því hins vegar fram að 765 hryðjuverkamenn hafi fallið en engir óbreyttir borgarar.

Þá hafa um 300 þúsund manns yfirgefið heimili sín og hafa margir Kúrdar flúið yfir landamærin til Íraks.

UNICEF greinir frá því að vatnsdælustöðin A'llouk sem sér um 400 þúsund manns fyrir hreinu vatni hafi nú verið óvirk á aðra viku eftir innrás Tyrkja.

sighvatur@frettabladid.is



Bandarísku hersveitirnar yfirgefa Sýrland í gær en mikil reiði ríkir meðal Kúrda vegna þess. NORDICPHOTOS/GETTY

## Trump segist búast við ákæru frá þinginu

Bandaríkjaforseti stendur í ströngu þessa dagana. Í gær sagði hann að það væri nánast öruggt að fulltrúadeild þingsins, þar sem Demókratar eru í meirihluta, myndi ákæra sig fyrir embættisbrot.

Trump er sakaður um að hafa óskað eftir því að stjórnvöld í Úkraínu hæfu rannsókn á pólitískum andstæðingum hans.

Forsetinn sagði að Repúblikanar þyrftu að standa saman og berjast gegn ákæruferlinu en rannsókn á málinu stendur nú yfir. Tveir háttsettir embættismenn í Hvíta húsinu hafa sagst ekki ætla að mæta fyrir rannsóknarnefnd þingsins til að gefa skýrslu í málinu.


GLÆNÝR
FOCUS ACTIVE

KRÖFTUGUR OG FJÖLHÆFUR Í JEPPASTÍL!

- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari og umferðaskiltalesari
- Leðurklætt stýrishjól
- Loftkæling
- Aksturstölva
- My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða ofl.)
- ECO mode eldsneytissparnaðarkerfi
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Apple CarPlay og Android Auto
- 8" snertiskjár
- Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport/Trail og Snow)
- Easy fuel eldsneytisfylling án loks
- ESC stöðugleikastýrikerfi
- TC spólvörn
- TVC (Torque Vectoring Control)
- LED dagljós með birtuskynjara
- Hraðatakmarkari
- Brekkuaðstoð

*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus Active*




Ford Focus Active
Verð frá 3.690.000 kr.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




BERNHARD

**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Óþarfa ótti



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Merkilegur dómur féll í Héraðsdómi Reykjaness síðastliðinn föstudag. Þar var staðfest ákvörðun úrskurðarnefndar um upplýsingamál að Seðlabanka Íslands bæri að afhenda blaðamanni Fréttablaðsins samning frá 2016 um stuðning vegna námsleyfis þáverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits bankans.

Ellefu mánuðir eru nú liðnir frá því að blaðamaðurinn óskaði upphaflega eftir umræddum upplýsingum. Seðlabankinn hefur á þeim tíma beitt ýmsum meðölum til að koma í veg fyrir birtingu samningsins. Það tók bankann ellefu daga að svara erindinu en þar kom fram að bankinn teldi upplýsingarnar bundnar sérstakri þagnarskyldu og þar af leiðandi ekki eiga erindi við almenning.

Þessi viðbrögð stofnunarinnar koma okkur sem störfum á fjölmiðlum ekki á óvart. Það er regla frekar en undantekning að upplýsingafulltrúar opinberra stofnanna líti á það sem skyldu sína að verja sína stofnun fyrir ágangi blaðamanna. Í stað þess að líta svo á að við séum í sama liði með það að markmiði að borgarar landsins fái fregnir af því hvað hið opinbera er að sýsla við, verða talsmenn hins opinbera varir um sig þegar blaðamaður slær á þráðinn.

Þessu er ágætlega lýst í nýlegri skýrslu um traust á stjórnmálum. Þar er fjallað um „vítahring vantrausts“ þar sem tregða til að veita upplýsingar getur leitt til andrúmslofts tortryggni. Slíkt spilli ekki aðeins samskiptum stjórnvalda og almennings heldur dragi beinlínis úr getu stjórnsýslunnar til að sinna hlutverki sínu.

Rúmt ár er liðið frá útkomu skýrslunnar. Við sem höfum það hlutverk að upplýsa almenning um störf hins opinbera höfum enga breytingu fundið frá því skýrslan kom út. Okkar eina ráð er að láta valda kafla úr skýrslunni fylgja með öllum okkar upplýsingabeiðnum, upplýsingafulltrúum ríkisins til leiðbeiningar.

Ómögulegt er að segja til um hversu oft vinnslu mála hefur verið hætt á undanförnum árum vegna tregðu stofnana við að veita upplýsingar. Sem betur fer gefast ekki allir upp heldur kæra slíkar ákvarðanir til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Vinnsla mála hjá nefndinni tekur hins vegar langan tíma sem gerir fjölmiðlum oft erfitt um vik að fjalla um mikilvæg málefni sem upp koma í þjóðfélaginu. Það tók til dæmis þáverandi blaðamann Fréttablaðsins rúmlega eitt ár og tvær kærur að fá afhentar fundargerðir kjararáðs sem fengust þó einungis að hluta til.

Þrátt fyrir dóminn sem féll á föstudaginn hefur Seðlabankinn enn ekki afhent blaðamanninum umræddan samning. Góðir blaðamenn eru í liði með því sem vel er gert. Ótti ríkisins við stéttina er óþarfi, hafi það ekkert að fela.

**Góðir blaðamenn eru í liði með því sem vel er gert. Ótti ríkisins við stéttina er óþarfi, hafi það ekkert að fela.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Falsfrétt Sigurðar Inga**

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, virðist hafa misskilið hlutverk sitt í Netflix-myndinni The Laundromat. Sagði hann það „sárt og óþolandi“ að vera bendlaður við Panama-skjölin sem skiluðu honum í stól forsætisráðherra. Í myndinni er sýnt skjáskot af raunverulegri frétt tímaritsins Time með fyrirsögninni „Ísland skipar nýjan forsætisráðherra í kjölfar leka Panamaskjalanna“ með mynd af Sigurði Inga. Sem er alveg rétt. Þrátt fyrir það segir ráðherra á Facebook: „Falsfréttir eru og verða vandamál á tækni- og upplýsingaöld. Það er áskorun fyrir fjölmiðlaheiminn og framleiðendur efnis að hafa sannleikann ávallt að leiðarljósi.“

**Stólaleikur Mumma**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra stígur nú inn á pólitíska sviðið sem varaformaður VG. Fróðlegt verður að sjá hvar hann fer fram í næstu kosningum. Mögulega fæst Steingrímur til að víkja í NA-kjördæmi en Katrín og Svandís færa sig varla í höfuðborginni. Sjálfur er Mummi fæddur í NV-kjördæmi en það telst varla öruggt sæti. Svarið gæti verið að finna í ályktun VG í Árnessýslu sem fjallaði um hversu vel ráðherrann hefði staðið sig. Ályktunin var að vísu dregin til baka á landsfundinum en heimboðið í Suðurkjördæmi stendur kannski enn.

arib@frettabladid.is

# Láttu ekki hirða af þér Ljósleiðarann



Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur sem rekur Ljósleiðarann

Okkur hjá Gagnaveitu Reykjavíkur brá ónotalega þegar við fréttum af því að samkeppnisaðili væri að bjóða fólki að rífa búnaðinn okkar niður. Stundum er þetta meira að segja gert óumbeðið. Fólk hefur fengið sölusímtöl þar sem því er boðið að fá annað tengibox ljósleiðara í stað þess sem við settum upphaflega upp. Á nokkrum stöðum hefur þetta verið gert þannig að ljósleiðaraþráðurinn sem við lögðum hefur verið rifinn í sundur, jafnvel þótt við höfum lagt annan þráð fyrir væntanlega samkeppni.

Auðvitað má þetta ekki. Við kærðum og Póst- og fjarskiptastofnun var okkur sammála. Þú setur ekki upp tengingu með því að skemma þá sem fyrir er og takmarkar þannig val neytenda.

Það er enginn vafi að ljósleiðari Gagnaveitu Reykjavíkur hefur eflt samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þess vegna er það alvarlegt þegar fyrirtæki veldur raunverulegu tjóni með þessum hætti. Samkeppni í fjarskiptaþjónustu birtist ekki síst í tækifærum fólks til að skipta um fjarskiptafyrirtæki og þjónustu án þess að kalla þurfi til tæknimann með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Þannig var það á síðustu öld og á ekki að vera þannig lengur.

Gagnaveita Reykjavíkur hefur af krafti og metnaði tengt nánast hvert einasta heimili innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu Ljósleiðaranum og með opnu neti boðið aukna valkosti fyrir viðskiptavini. Hjálpaðu okkur nú að stuðla að heilbrigðari samkeppni á fjarskiptamarkaðnum. Fáir þú boð um að fjarlægja búnað Ljósleiðarans skaltu ekki þiggja það. Hann getur alveg staðið áfram þótt þú skiptir um þjónustufyrirtæki. Ef verið er að setja upp annað tengibox, farðu fram á að hitt verði ekki rifið niður. Þú átt að geta skipt um fjarskiptafyrirtæki á einfaldan og snöggan hátt, án þess að kalla þurfi til tæknimann í hvert skipti. Frímánuður getur verið dýr.

**Þú setur ekki upp tengingu með því að skemma þá sem fyrir er og takmarkar þannig val neytenda.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stórt skref í íbúalýðræði



**Dóra Magnúsdóttir**
nýskipaður formaður Íbúaráðs Háaleitis og Bústaða

Ný íbúaráð í hverfum og borgarhlutum Reykjavíkur taka til starfa á næstu vikum og standa vonir okkar, sem að undirbúningi nýrra ráða höfum staðið, að hér verði tekið stórt skref í lýðræðisátt.

Ég tók við formennsku í hverfisráði Háaleitis og Bústaða vorið 2014 og fannst mér ég heyra það víða frá að hverfisráðin væru ekki að sinna sínu hlutverki nægilega vel. Eftir á að hyggja voru þetta fremur óheppileg skilaboð sem trufluðu mig í að mynda mér sjálfstæða skoðun á starfinu. Ég gerði þó mitt besta til að læra „umferðarreglurnar“ í þessari vinnu og kynnast því hvernig hlutirnir gengu fyrir sig. Eftir nokkurn tíma varð ég þess áskynja að hverfisráðin höfðu í reynd heilmikið að segja og lögðu oft heilmikið af mörkum á vogarskálarnar við að breyta ýmsu varðandi málefni hverfanna, bæði stór og smá, þó svo áhrifin væru stundum lítt sýnileg og árangur af vinnunni tók oft langan tíma. Hverfisráðin gömlu voru svo sannarlega ekki fullkomin og það var orðið tímabært að endurskoða þau frá A-Ö. Það hefur nú verið gert með tilkomu nýrra íbúaráða sem munu taka til starfa á næstu vikum.

Fljótlega eftir að nýr meirihluti tók til starfa í Reykjavík var ákveðið að hverfisráðin myndu ekki taka til starfa í óbreyttri mynd eða þar til niðurstaða væri komin varðandi breytingar á fyrirkomulagi þeirra. Farið var í mikið og víðtækt samráð við fólk í hverfum borgarinnar og ótal hugmyndum safnað. Þeir þættir sem voru gagnrýndir í samráðsferlinu voru of hátt hlutfall kjörinna fulltrúa í gömlu ráðunum, en þeir voru fimm, þrír úr meirihluta og tveir úr minnihluta en fulltrúum íbúasamtaka bauðst að sitja fundina sem áheyrnarfulltrúar. Þessu hefur nú verið breytt þannig að nú eru helmingaskipti, þrír kjörnir fulltrúar og þrír fulltrúar úr grasrótarstarfi hverfanna; einn fulltrúi íbúasamtaka, einn fulltrúi foreldrafélags skólastarfs og einn slembivalinn og hafa allir fulltrúar kosningarétt og sama vægi í ráðinu. Mikilvægt þótti að halda inni kjörnum fulltrúum vegna tengsla við stjórnsýslu borgarinnar; fagsvið, pólitísk ráð og nefndir en að sama skapi var mikilvægt að gera fulltrúum félagsstarfs í hverfunum hærra undir höfði. Nú verður í fyrsta sinn gerð tilraun með slembival fulltrúa í hverfastarfi en slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel víða erlendis. Sú staða er uppi í flestum borgarhlutum að fleiri en ein íbúasamtök og foreldrafélög eru starfandi en þeim gefst kostur á að skipta hlutverkinu á milli sín á tímabilinu. Þetta fyrirkomulag íbúaráðanna er tilraunaverkefni sem verður endurmetið eftir eitt ár.

Það sem skiptir þó mestu máli, og er að mínu mati eitt mikilvægasta lýðræðisskref sem tekur hefur verið í málefnum borgarbúa síðustu áratugi, er að nú verða fundirnir opnir sem þýðir að fulltrúar alls félagsstarfs í hverfunum, sem ekki eiga formlegan fulltrúa hverju sinni, geta mætt á fundi, sent inn tillögur innan ákveðins tímaramma og tekið þátt í umræðum um þau málefni sem verða á dagskrá funda íbúaráðanna. Á það sama að sjálfsögðu við um alla íbúa hverfanna.

# Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar



**Þorsteinn Víglundsson**
þingmaður Viðreisnar

Ekkert er öruggt í þessu lífi nema dauðinn og skattar“ er ódauðleg tilvitnun í Benjamin Franklin. Og fátt er jafn varanlegt og tímabundnir skattar. Á þessu ári verða tekjur ríkissjóðs um 120 milljörðum króna hærri en þær hefðu verið ef skattprósentur væru þær sömu og á árunum fyrir hrun. Þrátt fyrir mikla gagnrýni Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á skattahækkanir vinstri stjórnarinnar á árunum 2009 til 2013 standa þessir flokkar ásamt Vinstri grænum að því að festa sömu skattahækkanir í sessi.

Í stað þess að nýta stórauknar tekjur ríkissjóðs á undanförnum árum til skattalækkana hefur taumlaus útgjaldaþensla leitt til þess að ekkert svigrúm er til slíkra lækkana nú þegar tekið er að hægja á í efnahagslífinu að nýju. Miðað við fjárlagafrumvarp næsta árs munu útgjöld ríkissjóðs án fjármagnsgjalda hafa aukist um rúmlega 200 milljarða króna á ári frá því þessi ríkisstjórn tók við völdum.

Útgjaldaaukningin er á öllum sviðum ríkisrekstrar og hvað mest í að þenja út ríkisbáknið. Ríkisstjórnin virðist stefna að Íslandsmeti í útgjöldum án atrennu. Svo mjög liggur á að skýr markmið um árangur liggja sjaldnast fyrir heldur virðist útgjaldaaukningin vera orðin markmið í sjálfu sér. Skattheimta hins opinbera er hvergi meiri en hér á landi, sé horft til aðildarríkja OECD. Nemur hún nú um 34% af landsframleiðslu og aðeins Svíar ná svipuðum hæðum og við.

Miklar skattahækkanir eftirhrunsáranna voru rökstuddar með því að ekki væri önnur leið fær til að ná jafnvægi í rekstri ríkisins þar sem skatttekjur drógust mikið saman vegna hrunsins. Þær lögðust af miklum þunga á atvinnulíf og heimili sem glímdu ekki síður við grafalvarlega stöðu á þessum tíma. Þessar skattahækkanir töfðu án efa viðsnúning í efnahagslífinu.

Tekjuskattur á fyrirtæki og einstaklinga, fjármagnstekjuskattur og tryggingagjald eru hærri en fyrir hrun og sérstakir skattar eru enn lagðir á banka hér á landi sem leiða til hærra vaxtastigs en ella. Ofan á það eru ótvíræð merki um kólnun í hagkerfinu.

Það væri góð innspýting í efnahagslífið ef ríkisstjórnin gæti hafist handa við að lækka skatta svo um munaði. En því miður er ekkert svigrúm til þess. Þótt lækkanir hafi verið boðaðar munu þær aðeins að óverulegu leyti taka gildi á næsta ári og á sama tíma er verið að hækka aðra skatta eða leggja á nýja.

Tímabundnar skattahækkanir vinstristjórnarinnar ætla svo sannarlega að reynast lífseigar undir stjórn Sjálfstæðismanna í fjármálaráðuneytinu.




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Fimmti flokkur mun spila með nýjum reglum á Faxaflóa- og Reykjavíkurmótinu þar sem fjórar nýjar reglur verða kynntar. Hér eru ungir guttar að spreyta sig á N1 mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Breyttar leikreglur í fimmta flokki

**Faxaflóa- og Reykjavíkurmótin í fimmta flokki verða spiluð með nýjum reglum. Sparkað verður inn á völlinn í staðinn fyrir innköst og þjálfarar dæma leikina hjá þeim sem eru að byrja. Hugmyndirnar eru komnar frá yfirmanni knattspyrnumála hjá KSÍ.**

**FÓTBOLTI** „Það er ekki verið að mismuna einum né neinum – það er verið að búa til umhverfi sem er best fyrir hvern og einn einstakling," segir Arnar Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ og þjálfari hjá U-21 árs landsliði Íslands. Arnar fór mikið á völlinn í sumar, hvort sem var hjá konum eða körlum eða á leiki yngri flokka. Hann tók eftir því að eftir innkast í yngri flokkum lendir boltinn oftar en ekki í innkasti aftur. Hann tók líka eftir því að þjálfarar þjálfa börn aðeins fyrir leiki, í hálfleik og svo eftir leiki.

Í Faxaflóa- og Reykjavíkurmótum fimmta flokks verður spilað eftir hugmyndum Arnars en fjórar breytingar eru þar á meðal. Sparkað verður inn í stað innkasts, fleiri hálfleikir verða, þjálfarar dæma leikina hjá þeim sem eru í D-liðum og þeir sem eru að byrja sinn fótboltaferil spila á minni velli. „Við erum búin að funda oft með yfirþjálfurum yngri flokka þar sem við höfum verið að ræða hluti sem geta stuðlað að því að við búum til aðeins betri leikmenn. Félögin vilja prófa þetta og þessi mót eru ekki á vegum KSÍ. Félögin og yfirþjálfararnir eru þarna að prófa sig áfram með nýja hluti og ég fagna því. Þetta var hugmynd sem kemur frá mér og rauði þráðurinn í mínu starfi er að vera í samstarfi við félögin þannig að hægt sé að efla íslenska knattspyrnu. Það er hollt og gott að ræða saman og tala um hlutina og prófa eitthvað nýtt," segir Arnar.



Arnar Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Leiðbeiningar við sitt hæfi

Á barnamóti Víkinga var þetta fyrirkomulag prófað og gekk vel. Þá voru krakkarnir þó yngri en þeir sem eru í fimmta flokki. Faxaflóamótið hefst í byrjun nóvember og verða nýju reglurnar kynntar þá fyrir komandi kynslóð. „Þeir krakkar sem eru komnir styttra spila á aðeins minni velli og það verða ekki dómarar heldur sjá þjálfararnir um það. Það verður til þess að þeir geta verið inni á vellinum meðan á leik stendur og leiðbeint krökkunum meira. Það þurfa allir að fá leiðbeiningar við sitt hæfi. Það er ekki þannig að ég geti farið að læra á gítar og farið til Jóns Jónssonar frænda míns. Ég þarf að taka fyrsta skrefið."

Hann segir að of mikið hafi verið horft á úrslit leikja, ekki aðeins á Íslandi heldur úti um alla Evrópu. Með þessum breytingum er verið að gera það auðveldara að þjálfa börnin áfram. „Við þurfum ekkert að vera hrædd við að búa til leikinn fyrir hvern og einn sem hentar viðkomandi."

### Mikilvægt að hittast

Arnar hefur víðtæka reynslu frá Evrópu og þekkir belgíska módelið mjög vel en Belgar tóku til í yngriflokkunum hjá sér um aldamótin og nú 20 árum síðar eru þeir með eitt besta landslið heims og sitja á toppi FIFA-listans. „Ég er ekki alvitur og ég legg þetta fram til þjálfaranna sem eru að snúast í þessu alla daga og vita þá hvort þetta er hægt. Vita hvort þetta er hægt þjálfunarlega, hvort leikmenn geta þetta og hvort þetta passar fyrir Ísland og svona mætti lengi telja. Þess vegna er mikilvægt fyrir mig að hitta þjálfarana og að við ræðum saman og þetta er eitthvað sem þeir hafa ákveðið. Þetta er eitthvað sem KSÍ er að vinna að með félögunum. Fótboltinn er að þróast svo allir geti stundað þessa frábæru íþrótt á sínu getustigi.

Kannski virkar þetta og kannski ekki. Ef þetta virkar ekki þá skrúfum við til baka og prófum eitthvað nýtt."

**benediktboas@frettabladid.is**

### Reglubreytingarnar

Arnar segir að mjög vel hafi verið tekið á móti tillögunum hjá félögunum og yfirþjálfurunum. „Ef við setjum saman í lið krakka sem er mjög góður og krakka sem er ekki jafn góður þá er það ekki gott fyrir neinn. Það er svo mikilvægt að þeir sem eru komnir stutt séu að stunda íþróttina á þeim forsendum sem þeir ráða við. Sama gildir um þann sem er mjög góður í fótbolta. Hann fær alltaf boltann frá þeim sem eru ekki jafn góðir og lærir ekki að gefa boltann og hinir fá aldrei boltann."

Eitthvað hefur borið á því að foreldrar séu ekki spenntir fyrir breytingunum en Arnar segir það vera eðlilegt. „Ég held að það sé mannlegt eðli að kvíða fyrir breytingum. En hvað mig varðar þá sé ég þetta þannig að við verðum að þora að kíkja út fyrir kassann. Þó við höfum gert hlutina eins í mörg ár þá þýðir það ekki að það megi ekki breyta þeim. Það er þróun í fótbolta eins og víða annars staðar.

Það er eðlilegt að foreldrar barns í D-liði skilji ekki af hverju það er verið að setja aðrar reglur fyrir þeirra barn en önnur. Finnst það jafnvel misrétti. Það er ein leiðin að sjá þetta en ég sé þetta ekki þannig og því er betra að prófa hlutina."

**» Fjórar breytingar Arnars og yfirþjálfara. Sparkað verður inn í stað innkasta, fleiri hálfleikir verða, þjálfarar dæma leikina hjá þeim sem eru í D-liðum og þeir sem eru að byrja sinn fótboltaferil spila á minni velli.**

# Ótrúlegt verð á skrifstofuhúsgögnum



íslenska SIA.IS ICT 92916 10/19

Kinnarps

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

## Rafhækkanlegt skrifborð

Nú eru síðustu forvöð að kaupa rafhækkanlegt, tveggja mótora skrifborð úr T-línunni áður en framleiðslu þess verður hætt. Eitt verð, óháð stærð eða gerð borðplötu.

- Gæðaborðplötur – tvær stærðir á sama verði: 160 x 80 cm / 180 x 80 cm
- Tvær gerðir af borðplötum: spónlagðar með eik eða beyki
- Rafstýrð hækkun frá 61,5 cm upp í 128 cm
- **Tveir mótorar**

Einstakt verð:

**59.900 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Opið virka daga** 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Kristjánsdóttir**

frá Hnjúki, Skíðadal,

lést fimmtudaginn 17. október á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík.

**Margrét B. Kristinsdóttir** **Haukur S. Valdimarsson**
**Snorri R. Kristinsson** **Rannveig Guðnadóttir**
**Ingibjörg R. Kristinsdóttir** **Jón Þórarinsson**
**Kristjana S. Kristinsdóttir** **Jón Þ. Baldvinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi, bróðir og mágur,

**Guðmundur Jónsson**

Hólabraut 12, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, föstudaginn 18. október.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásdís Jónsdóttir**
**Soffía G. Guðmundsdóttir** **Birgir S. Ellertsson**
**Jóna Guðmundsdóttir** **Kristinn Árnason**
**Jóna Jónsdóttir** **Þorsteinn Svavarsson**
**og barnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósa Harðardóttir**

frá Bolungarvík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þann 17. október sl. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Við þökkum starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins fyrir góða umönnun og ættingjum og vinum auðsýnda samúð.

**Tryggvi Guðmundsson**
**Heimir Tryggvason** **Kristín Guðnadóttir**
**Haraldur Tryggvason** **Katrín Ingibjörg Steinarsdóttir**
**Gunnar Tryggvason** **Úlfhildur Áslaug Leifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn og bróðir okkar,

**Snorri Þorsteinn Pálsson**

frá Dagverðartungu,
Fjólugötu 13,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 13. október.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 24. október kl. 13.30.

**Nittaya Nonghee**
**Gylfi, Ragna, Gísli og Snjólaug Pálsbörn**



Okkar ástkæri

**Egill Már Guðmundsson**

arkitekt,

sem lést fimmtudaginn 10. október, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju 25. október klukkan 13.

**Vigdís Magnúsdóttir**
**Tanja Vigdisdottir**
**Arnar Óskar Egilsson** **Bianca Tiantian Zhang**
**Páll Skírnir Magnússon**
**Guðmundur Logi Arnarsson**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**Vinkonurnar Monika Papenfuss og Kristín Einarsdóttir með hina litföróttu hryssu Lydíu frá Árbæjarhjáleigu á milli sín.**

# Hér snýst lífið um hesta

**Vefurinn hestasaga.com fór í loftið nýlega. Kristín Einarsdóttir og Monika Papenfuss standa á bak við hann. Þær safna frásögnum af hestum – og reyndar fleiri húsdýrum.**

Við erum aðallega að sækjast eftir óvenjulegum sögum, til dæmis af einstökum vitsmunum, og atburðum tengdum dýrum,“ útskýrir Kristín Einarsdóttir sem ásamt vinkonu sinni Moniku Papenfuss heldur úti síðunni hestasaga.com á netinu. „Það má segja að tilgangur vefsíðunnar sé að bjóða upp á safn af sögum og frásögnum af hestum en við erum líka með sögur af öðrum dýrum sem við birtum á sömu síðu undir efnisflokknum dýrasögur,“ segir Kristín og bætir við að öllum sem vilji sé velkomið að senda sögu til þeirra Moniku gegnum vefinn. En það þurfi að vera alvöru saga, helst með risi og tilgangi.“

Kristín er búsett í Þýskalandi, rétt fyrir utan Bonn, er gift og á tvö börn sem eru íslensk-þýsk, tala bæði málin og eru með íslenska kennitölu. Hún starfar sem skrásetjari íslenskra hesta í Þýskalandi. „Hér snýst lífið um hesta. Þeir eru hér úti í garði hjá mér, þeir eru vinnan mín, dægradvölin mín og allir vinirnir eru hestafólk. Það er svona þegar maður fær þessa hestabakteríu,“ segir hún glaðlega.

Kristín kveðst hafa haft áhuga á hestum frá því hún var smábarn. „Ég er Reykvíkingur, fjölskylda mín var fólk af mölinni, enginn var í hestum svo það var erfitt fyrir mig sem borgarbarn að komast í tengsl við þá. Það var bót í máli að ég átti heima í Fossvoginum og þar var hálfgerð sveit á þessum tíma. Af því að ég gat ekki spurt mitt fólk þá vantaði mig fróðleik um hesta, ég leitaði að honum á bókasöfnum, í bókabílnum og víðar og fann bækur eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp, Horfnir góðhestar. Þar eru stuttar sögur af íslenskum hestum í öllum mögulegum aðstæðum.“

Á netinu er talsvert af myndefni, kennsluefni og fréttum af árangri hrossa á keppnisvöllum og sýningum, að sögn Kristínar. „Mér fannst vanta þar sögur eins og ég man eftir frá því í gamla daga sem voru eins og kvöldsögur. Fólk eins og ég sem er með hesta upplifir ýmislegt í gegnum þá, þeir eru ekki allir snillingar sem vinna afrek á keppnisvelli en þeir snerta hjartað í manni. Ein ung kona hefur skrifað talsvert fyrir okkur. Hún upplifði úti á túni að hryssa gekk í ljósmóðurstarf og var að hjálpa vinkonu sinni að eignast folald. Það er mjög gaman þegar fólk deilir einhverju slíku.



**Listaverk Maríu Gísladóttur á síðunni hestasaga.com fylgir sögunni um ófarir Litfara.**

> **Fólk eins og ég sem er með hesta upplifir ýmislegt í gegnum þá, þeir eru ekki allir snillingar sem vinna afrek á keppnisvelli en þeir snerta hjartað í manni.**

Við Monika Papenfuss, vinkona mín, hjálpumst að með síðuna hestasaga.com. Hún er doktor í þýsku, á íslenska hesta og hefur áhuga á þeim. Við byrjuðum með átta sögur á þýsku í mars 2018 og fengum ansi góðar undirtektir, ákváðum því að bjóða upp á sögurnar á þremur tungumálum, þýsku, íslensku og ensku. Listakonan María S. Gísladóttir hefur hjálpað okkur með myndskreytingar á sögum sem ekkert myndefni fylgir. Einnig lögðum við töluverða vinnu í útlitshönnun og uppsetningu. Það voru því tímamót 26. september 2019 þegar nýja síðan fór í loftið.“ **gun@frettabladid.is**

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER 2019



Eldra fólki, eins og öllum öðrum, er nauðsynlegt að hreyfa sig á hverjum degi og hvílast vel en líka að njóta samveru við sína nánustu. →4

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.






# Lemon – sólskin í glasi og sælkerasamlokur

Lemon býður upp á ferskan og safaríkan mat matreiddan á staðnum úr besta mögulega hráefni hverju sinni. „Það er mantran okkar hjá Lemon og við víkjum aldrei frá henni,“ segir Unnur Guðríður Indriðadóttir, einn af eigendum Lemon. →2

Jóhanna Soffía Birgisdóttir og Unnur Guðríður Indriðadóttir eru nýir eigendur Lemon en plastleysi er hluti af nýjum áherslum staðarins.

Framhald af forsíðu ➪

Lemon býður upp á ferskan og safaríkan mat matreiddan á staðnum úr besta mögulega hráefni hverju sinni. Það er mantran okkar hjá Lemon og við víkjum aldrei frá henni“, segir Unnur Guðríður Indriðadóttir, einn af eigendum Lemon.

„Lemon er staðurinn fyrir þá sem eru að huga að heilsunni og vilja holla og góða næringu sem fær bragðlaukana til að dansa. Samlokurnar og djúsarnir hafa verið okkar aðalsmerki en það er einnig hægt að fá vefjur, salöt, hafragraut, orkuskot og kaffi hjá okkur.“

## Lemon hendir plastinu

„Við höfum skipt út plastglösum, lokum, rörum og hnífapörum fyrir umhverfisvæna efnið PLA (polyactic acid) sem brotnar niður í náttúrunni. Það efni er úr maíssterkju og er alveg eins og plast í útliti. Glösin hjá okkur mega því fara með lífrænum úrgangi og brotna niður í náttúrunni,“ segir Unnur Guðríður. Plastleysið er hluti af nýjum áherslum Lemon en nýlega urðu breytingar á eigendahóp staðanna en eigendur Lemon í dag eru þær Unnur Guðríður viðskiptafræðingur og Jóhanna Soffía Birgisdóttir.

## Vinsælasta kombóið

„Á Lemon er vinsælt að fá sér samloku og djús, svokallað kombó. Vinsælasta kombóið frá opnun Lemon er Spicy chicken og Nice guy. Það er eitthvað við sterka bragðið af kjúklingnum í bland við sæta jarðarberjarbragðið af djúsnum sem gerir þetta kombó að neglu,“ segir Jóhanna.

## Six pack safar fyrir djúsdaginn

„Six pack safarnir eru sívinsælir, bragðgóðir, ferskir og hollir,“ segir Jóhanna. Fólk pantar hjá okkur með því að senda tölvupóst á veisla@lemon.is og pakkarnir afhendast eftir klukkan 11.00 daginn eftir á þeim Lemonstað sem hentar best.

„Fólk fær sex frábæra ávaxta- og grænmetisdjúsa sem gera djúsdaginn miklu auðveldari og skemmtilegri,“ segir Jóhanna. „Það er hollt að taka djúsdag einstöku sinnum til að ná jafnvægi á líkamann. Safarnir eru litríkir og ferskir og ávallt nýkreistir úr fyrsta flokks hráefni. Það er gott að byrja daginn sem á að djúsa á glasi af volgu vatni með sítrónu.“

## Salöt fyrir ketómataræðið

„Hjá okkur á Lemon er hægt að breyta öllum samlokunum í salat eða vefju. Salat hentar vel fyrir þá sem eru með glútenóþol og líka fyrir þá sem eru á ketómataræðinu en ketó nýtur mikilla vinsælda og henta salötin okkar þeim hópi mjög vel,“ segir Unnur Guðríður, sem sjálf hefur verið á ketómataræðinu í nokkurn tíma.

## Veisluþjónusta Lemon er sívinsæl

„Veislubakkarnir frá okkur hafa slegið í gegn og við finnum fyrir mikilli aukningu þar. Veislubakkarnir henta vel fyrir stór og smá fyrirtæki og fyrir hvaða tilefni sem er, s.s. afmæli, fundi, veislur, partí og brúðkaup. Fólk velur annaðhvort sínar uppáhaldssamlokur eða lætur okkur sjá um að velja þær vinsælustu á bakkana,“ segir Jóhanna Soffía. „Nú fara jólasamlokurnar líka að detta inn og það hefur alltaf verið vinsælt að panta jólaveislubakka. Einnig hafa skotin okkar verið vinsæl hjá fyrirtækjum sem hafa verið að bjóða starfsfólkinu sínu upp á engiferskot á morgnana. Fyrirtæki panta aftur og aftur og það segir okkur að fólk er ánægt með vörurnar okkar og þjónustu. Það er auðvelt að panta með því að senda tölvupóst á veisla@lemon.is og við svörum um hæl. Ef pantað er fyrir 10 manns eða fleiri á virkum dögum er frí heimsendingarþjónusta.“

## Starfsfólkið er okkar lífæð

Jóhanna Soffía segir 80 manns starfa nú á Lemonstöðunum enda séu staðirnir orðnir sjö talsins. Þrír staðir eru á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurlandsbraut 4, Hjallahrauni 13 í Hafnarfirði og í Salalauginni í Kópavogi. „Staðurinn í Salalaug er sá nýjasti hér á höfuðborgarsvæðinu og hafa sundlaugargestir tekið vel í þessa nýbreytni en þess má geta að Lemon er eini matsölustaðurinn sem er með rekstur í afgreiðslusal sundlaugar hér á landi. Það er vinsælt í Kópavoginum í dag að skella sér í sund og fá sér svo sólskin í glasi og sælkerasamloku á eftir,“ segir Jóhanna.

Þá eru starfræktir þrír staðir á Norðurlandi, einn á Ráðhústorgi á Akureyri, annar í Glerárgötu 32 sem Jóhann Stefánsson og Katrín Ósk Ómarsdóttir reka. Þriðji staðurinn er á Héðinsbraut 6 á Húsavík, sem Birkir Stefánsson og Anný Rós Guðmundsdóttir reka. Þá er einn Lemonstaður starfræktur erlendis sem Eva Ýr Gunnarsdóttir rekur og er hann í fallegu borginni París í hverfi 2, á 43 Rue des Petits Carreaux.

„Við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólk og hefur margt af okkar fólki starfað lengi hjá fyrirtækinu. Starfsfólkið er okkar lífæð og án þess værum við ekki á þeim frábæra stað sem við erum á í dag,“ segir Unnur Guðríður glaðlega.



Hjá Lemon starfa nú 80 manns á sjö stöðum.



Lemon rekur þrjá staði á höfuðborgarsvæðinu, þrjá á Norðurlandi og einn í París.



Á Lemon er vinsælt að fá sér samloku og djús, svokallað kombó. Það vinsælasta er Spicy chicken og Nice guy



Safarnir eru litríkir og ferskir og ávallt nýkreistir .



Lemon skipti út plastglösum, lokum, rörum og hnífapörum fyrir efnið PLA sem brotnar niður í náttúrunni.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Betri einbeiting og bætt heilsa

**Digest Spectrum meltingarensím geta dregið verulega úr einkennum fæðuóþols. Hann Nökkvi Örn hefur öðlast betra líf eftir að hann fór að nota þau og gengur m.a. betur að einbeita sér.**

Meltingarensímin frá Enzymedica hafa rækilega slegið í gegn á Íslandi. Meltingarensím virka þannig að þau eru tekin inn við upphaf máltíðar og virka samstundis. Fyrir suma dugar að taka þau stundum – eftir því hvað verið er að borða og aðrir nota þau með öllum máltíðum. Ensímin eru náttúruleg og því engin hætta á því að eitthvað fari úrskeiðis í meltingunni heldur þvert á móti, niðurbrot fæðunnar verður meira og upptaka næringarefna eykst ásamt því að ónot og ýmsir fylgikvillar lélegrar meltingar minnka eða hverfa.



Mjólkuróþol getur haft bein áhrif á meltinguna hvað varðar laktósann en Nökkvi þolir mjólkurvörurnar mikið betur eftir að hann fór að taka Digest Spectrum. „Við þurfum ekki lengur að hafa áhyggjur þegar við mætum í veislur," segir móðir hans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensíms sem brýtur niður laktósann. Reyndar er það ekki alltaf svo að einkenni fæðuóþols komi strax í ljós og geta liðið allt að 72 tímar þar til einkenna verður vart. Oft er það líka svo að þau einkenni sem koma fram eru þess eðlis að erfitt er að átta sig á því að um fæðuóþol sé að ræða. Orsök fæðuóþols má oftast rekja til skorts á ákveðnum meltingarensímum og/eða líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem fæðan á að skila okkur.




**Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana**

### Getur borðað allt

Nökkvi Örn er fjörugur strákur sem hefur alla tíð verið mjög virkur og hress. Hann var snemma greindur með mjólkuróþol, astma og ofnæmi fyrir dýrahárum og frá fyrsta ári hefur hann verið eirðarlaus og oft mjög virkur sem hefur ekki komið að sök fyrr en hann byrjaði í grunnskóla þar sem meiri krafa er gerð um einbeitingu og að sitja kyrr. Ingibjörg Vala, móðir Nökkva hafði þetta að segja um Digest Spectrum: „Við ákváðum að prófa Digest Spectrum og hefur það haft gríðarlega góð áhrif á hann. Þetta hefur haft bein áhrif á meltinguna hvað varðar laktósann en hann þolir mjólkurvörurnar mikið betur og svo höfum við ekki þurft að hafa áhyggjur þegar við mætum í veislur, að þurfa stöðugt að tiltaka hvað má og hvað má ekki borða.

### Betri einbeiting og bætt heilsa

„Digest Spectrum hefur einnig haft áhrif á hegðunina hjá Nökkva, hann heldur mikið betur einbeitingu og er ekki eins eirðarlaus. Eins hefur hann ekki fengið neitt astmakast frá áramótum þrátt fyrir kuldatíð sem hefur annars verið kveikjan að astmaköstum hingað til. Þetta er án efa það besta sem við höfum komist í tæri við og það að eitt hylki án aukaefna geti gefið þessa góðu niðurstöðu er alveg frábært og lífsbætandi," segir Ingibjörg.

> **Þetta er án efa það besta sem við höfum komist í tæri við og það að ein tafla án aukaefna geti gefið þessa góðu niðurstöðu er alveg frábært og lífsbætandi.**
>
> **Ingibjörg Vala Sigurðardóttir, móðir Nökkva**

### Hollur matur og óþol

Fjölmargir þjást vegna fæðuóþols af einhverju tagi og hafa ekki hugmynd um það. Það er vegna þess að erfitt getur reynst að tengja einkennin við meltinguna og þá staðreynd að kvillarnir eru að koma fram allt að 42-72 klst. eftir að matarins er neytt. Fólk getur haft óþol gegn ýmiss konar hollustufæði líka og þá getur verið enn erfiðara að átti sig á því við gerum oftast ráð fyrir því að þegar við borðum hollt, þá séum við að gera líkamanum gott. Einkenni fæðuóþols geta m.a. verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- UppþemWba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir

Með því að sleppa ákveðnum fæðuflokki í u.þ.b. þrjár vikur er oft hægt að komast að því hvort viðkomandi fæða sé að valda óþoli. Digest Spectrum gefur líka þann möguleika að í sumum tilfellum sé hægt að neyta allrar fæðu án vandkvæða.




# Magnesium Joint

## Mjúkir liðir – meiri styrkur

Magnesíum Joint er blanda af hreinu magnesíum klóríð og glúkósamíni* þessi efni hafa reynst vel fyrir liði og vöðva.

- Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi
- Glúkósamín er talið hvetja til brjóskmyndunar og hjálpar til við að halda liðunum mjúkum
- Mentol og Wintergreen ilmkjarnaolía veita góða kælingu

Fullkomin blanda fyrir auma liði, hvort sem er við íþróttaiðkun eða eingöngu vegna verkja og eymsla.

**Minni krampar – Betri endurheimt**




*Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi glúkósamíns og að það stuðli að endurnýjun á brjóski og geti þannig dregið úr einkennum slitgigtar.

**Fæst í Lyf og Heilsu, Apótekaranum og flestum stórmörkuðum.**

# Hreyfing, hvíld og samvera

**Eldra fólki, eins og reyndar öllum öðrum, er nauðsynlegt að hreyfa sig á hverjum degi og hvílast vel. Þá veitir virk samvera með vinum og fjölskyldu flestum ljúfa slökun og einskæra vellíðan.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þrátt fyrir að við eyðum um þriðjungi ævi okkar í svefn hugum við ekki að mikilvægi svefnsins fyrr en svefnleysi fer að hrjá okkur. Svefninn endurnærir og gefur kraft til að takast á við gleði og amstur dagsins. Hann er nauðsynlegur þáttur heilbrigðra lífshátta og hefur áhrif á það hvernig okkur líður, samskipti við annað fólk, starfshæfni og almenn lífsgæði. Án svefns og hvíldar lifum við ekki af, hvað sem sögum líður af fólki sem þarf ekki nema nokkurra stunda hvíld á hverjum sólarhring. Til eru góð ráð til að ráða bót á svefnleysi og hér eru nokkur sem rannsóknir benda til að gefi góðan nætursvefn:

Vaknaðu á sama tíma á hverjum degi. Að öllu jöfnu er í lagi að sofa lengur þegar vinnan kallar ekki, en ef svefnleysi hrjáir fólk þarf að koma reglu á svefntímann.

Minnkaðu notkun á örvandi efnum eins og nikótíni, koffeini, áfengi og lyfjum (í samráði við lækni).

Það að hafa lítið fyrir stafni eða að leggja sig á daginn getur truflað bæði svefn og gæði hans. Slökun eða hugleiðsla í 10-20 mínútur að degi til getur þó bætt líðan.

Hreyfðu þig reglulega þar sem það bætir bæði lengd og gæði svefns. Of mikil þjálfun stuttu fyrir svefn getur þó haft neikvæð áhrif.

Notaðu rúmið fyrir það sem því er ætlað. Rúmið er að öllu jöfnu til að sofa í, hvílast og stunda kynlíf. Það er ekki staður til að borða, horfa á sjónvarp eða vinna og slík iðja truflar tenginguna svefnherbergisins við svefn.



Haustið er yndislegur tími til gönguferða og enn meira gaman að ganga um í haustlaufum með ömmu og afa, eða þegar öll fjölskyldan nýtur útivistarinnar saman. NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki borða eða drekka mikið rétt fyrir svefn. Hvort tveggja getur haft áhrif á meltinguna þannig að brjóstsviði eða salernisferðir trufli svefninn.

Búðu til svefnvænt umhverfi. Hitastig, lýsing og hljóð geta haft áhrif á svefninn og mikilvægt er að þessir þættir séu sem ákjósanlegastir.

Leitaðu lausna við áhyggjum eða vandamálum áður en þú leggst til svefns. Það getur hjálpað að setja á blað þau viðfangsefni sem bíða, helst í lok vinnudags, en allavega fyrir svefninn. Ekki reyna að leysa málin í huganum eftir að upp í rúm er komið.

Fáðu aðstoð við að draga úr streitu. Oft finnur fólk sínar eigin leiðir til að draga úr streitu en einnig getur verið gott að leita til fagfólks sem hefur yfirsýn yfir fjölbreyttari leiðir.

Íhuga ætti meðferð hjá sérfræðingi ef svefnvandi er langvarandi. Sérfræðiráðgjöf getur aðstoðað fólk við að greina vandann og leita úrlausna við honum.

Sá tími sem okkur tekst að eyða í svefn er ekki allt; við þurfum líka að finna hvíld og sálarró. Því er gott að staldra við í amstri dagsins og njóta samvista við vini og vandamenn því ekki einungis svefn heldur slökun fær okkur til að líða betur. Hún gefur hvíld, frið og endurnæringu og umfram allt ættum við að leggja áherslu á virkar samverustundir í faðmi fjölskyldu og vina.



Hvað er yndislegra en að fá sér hænublund í ömmufaðmi eða fyrir ömmur að finna afkomendurna sofna hjá sér?

> **Slökun fær okkur til að líða betur. Hún gefur hvíld, frið og endurnæringu og umfram allt ættum við að leggja áherslu á virkar samverustundir í faðmi fjölskyldu og vina.**

## Súrefni og smurð liðamót

Mannslíkaminn er hannaður fyrir hreyfingu en bregst að sama skapi illa við mikilli kyrrsetu. Almennar ráðleggingar miða við að fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur á dag og að börn hreyfi sig minnst í 60 mínútur daglega.

Með hreyfingu smyrjum við liðamót og losum um andlega og líkamlega spennu. Við færum líkamanum súrefni og næringarefni og losum hann við úrgangsefni. Með tímanum styrkjast bein og vöðvar og hjarta- og æðakerfið verður afkastameira. Allt stuðlar það að meiri orku og styrk til að takast á við verkefni dagsins og að gera það sem okkur þykir skemmtilegt, en algengir fylgifiskar kyrrsetu eru stirðleiki, kraftleysi, verkir og vanlíðan ásamt því sem líkur á ýmsum sjúkdómum aukast til muna.

Fram undan er vetur með kulda, snjó og hálku, en það eru áhrifaþættir sem geta dregið úr hreyfingu. Veður er þó sjaldan það slæmt að klæðnaður við hæfi sé ekki nægileg vörn. Göngutúr skilar okkur hressum og glöðum heim á ný og hægt að fara í hvaða átt sem er út frá heimilinu til að upplifa og sjá eitthvað áhugavert, eins og trjágróður í vetrarbúningi, norðurljósin, smáfugla að leita sér að æti og ekki vitlaust að vera með brauðmola eða fuglafræ í vasanum. Einnig er hægt að vera virkur á fjölmargan hátt innanhúss og stunda til dæmis leikfimi og jóga.

Hreyfum okkur daglega, allan ársins hring.

- Hreyfing veitir aukna orku og slökun.
- Virkjum fjölskylduna með okkur.
- Klæðum okkur í samræmi við veður.
- Njótum birtunnar með útivist í hádeginu.
- Notum endurskinsmerki.
- Nagladekk eru fáanleg fyrir reiðhjól.
- Stundum jóga, skíði, snjókarlagerð og virkjum hugmyndaflugið.

Heimild: landlaeknir.is



# Endurvinnsla

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER 2019

Kynningar: Sorpa, Hringsjá



Bygging nýju gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í Álfsnesi jafnast á við að taka 36 þúsund ökutæki af götum landsins og hefur því verulega mikil jákvæð umhverfisáhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stórt og þýðingarmikið skref í umhverfismálum

SORPA er að reisa nýja gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi til að auka endurvinnslu á lífrænum úrgangi höfuðborgarsvæðisins verulega. Stöðin mun framleiða þúsundir tonna af metangasi sem nýtist ökutækjum og iðnaði og jarðvegsbæti sem hentar sérlega vel í landgræðslu og skógrækt. →2



**Ársframleiðsla stöðvarinnar af metangasi samsvarar um 3,4 milljónum bensínlítra sem hægt verður að nýta sem eldsneyti á ökutæki. Hún mun líka framleiða 10-12.000 tonn af jarðvegsbæti til landgræðslu á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Stærð hússins verður 12.800 fermetrar og stöðin mun anna allt að 35.000 tonnum af lífrænum heimilisúrgangi árlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Framhald af forsíðu ➪**

Með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU verður hætt að urða lífrænan úrgang frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu og í staðinn verða metangas- og jarðgerðarefni unnin úr þeim. Einnig er stefnt að því að ná út öllu plastefni ásamt málmi úr úrgangi frá heimilum. Þegar stöðin er komin í gagnið er stefnt að því að yfir 95% af úrgangi frá heimilum á samlagssvæði SORPU verði endurnýtt. Lífrænu efnin verða nýtt til gas- og jarðgerðar, en málmar og önnur ólífræn efni, s.s. plast, verða flokkuð vélrænt til endurnýtingar. Með þessu er stigið mikilvægt skref í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda vegna meðhöndlunar úrgangs.

## Mikil vinna að baki

„Undirbúningur gas- og jarðgerðarstöðvarinnar hefur staðið lengi, en verkið er unnið í samræmi við stefnu sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu mótuðu með sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU. „Verkið er síðan kostað af SORPU og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðist var í verkið vegna krafna um að draga úr urðun á lífrænum úrgangi eftir að ný lög um meðhöndlun úrgangs voru sett og þetta var talin hagkvæmasta og besta leiðin út frá fjárhagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum,“ segir Björn. „Þetta er líka aðferð til að draga úr lyktarmengun frá urðunarstaðnum.

Skrifað var undir samning við danska fyrirtækið Aikan Solum AS um tæknilausn fyrir stöðina 15. desember 2016 og samið var við Ístak um verkið 13. júlí 2018,“ segir Björn. „Fyrsta skóflustunga að stöðinni var svo tekin 17. ágúst 2018 og er áætlað að gas- og jarðgerðarstöð SORPU verði komin í rekstur á vormánuðum 2020.“

## Stórt og áhrifaríkt verkefni

„Stærð hússins verður 12.800 fermetrar og stöðin mun anna allt að 35.000 tonnum af lífrænum heimilisúrgangi árlega,“ segir Björn. „Markmiðið er að nýta sem best allan lífrænan úrgang sem til fellur á heimilum á höfuðborgarsvæðinu, s.s. matarleifar, gæludýraúrgang o.fl. Ekki aðeins nýtast næringarefnin sem felast í lífrænum heimilisúrgangi, heldur einnig orkan sem verður til við niðurbrot úrgangsins.

Þetta er stærsta verkefni SORPU frá því fyrirtækið hóf starfsemi



**Gas- og jarðgerðarstöðin er stærsta verkefni SORPU frá því fyrirtækið hóf starfsemi árið 1991.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

árið 1991,“ segir Björn. „Ársframleiðsla stöðvarinnar af metangasi samsvarar um 3,4 milljónum bensínlítra sem hægt verður að nýta sem eldsneyti á ökutæki og hins vegar 10-12.000 tonn af jarðvegsbæti til landgræðslu.

Þegar fyrsta skóflustungan að stöðinni var tekin flutti umhverfisráðherra tölu og sagði að þessi aðgerð jafnaðist á við að taka 36 þúsund ökutæki af götum landsins,“ segir Björn. „Þannig að þetta hefur verulega jákvæð umhverfisáhrif.“

## Knýr ökutæki, uppgræðslu og skógrækt

„Það væri upplagt að nota gasið til að knýja almenningssamgöngur, en auk þess má nýta það í alls konar iðnað sem nýtir gas og olíu,“ segir Björn. „Nú þegar er verið að nýta metangas frá urðunarstaðnum í Álfsnesi á 1.700 ökutæki á höfuðborgarsvæðinu, en svo er smáræði nýtt á annan hátt. Við stefnum að því að auka þessa notkun verulega þegar stöðin er komin í gagnið.

> **Markmiðið er að nýta sem best allan lífrænan úrgang sem til fellur á heimilum á höfuðborgarsvæðinu.**

Jarðefnin henta mjög vel í skógrækt og uppgræðslu, meðal annars til að minnka uppblástur,“ segir Björn. „Það er svæði í kringum okkur á Álfsnesi sem við ætlum að byrja að rækta upp, en svo hafa Skógræktarfélag Reykjavíkur, Landgræðslan og samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs líka lýst yfir miklum áhuga á að nýta þetta efni.

Með fram þessu erum við líka að reyna að auka endurvinnslu á ýmsum efnum, t.d. öðrum lífrænum úrgangi, eins og sláturúrgangi, og erum að reyna að bæta okkur í forvinnslu fyrir lífdísil- og moltuframleiðslu úr honum,“ segir Björn.

## Þörf á betri flokkun

„Til að ná sem bestum árangri þá hvetjum við fólk til að flokka betur spilliefni, lyf, raftæki, fatnað og gler, en öll þessi efni eiga sér nú þegar endurvinnslu- eða förgunarleið,“ segir Björn. „Þegar nýja stöðin kemst í gagnið á vormánuðum munum við leggja aukna áherslu á þetta.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

# Endurvinnsla í einni tunnu

Endurvinnslutunnan okkar er fyrir heimili og í hana fara **pappír, pappi, plast og málmar**. Allt fer á einn stað – við sjáum um að flokka og koma öllum efnunum þangað sem þau gera mest gagn.



**Málmar**
Niðursuðudósirnar og álpappírinn frá grillveislunni fá að fjúka í tunnuna.

**Plastumbúðir**
Það eina sem skyrdósir og snakkpokar eiga sameiginlegt er vistin í endurvinnslutunnunni. Bara muna að skola matarleifar af plastinu.

**Pappír**
Dagblöð, tímarit, pappír og pappi. Við sjáum um að koma efninu til endurvinnslu og gefa því framhaldslíf.

**Léttu þér flokkunarvandann og pantaðu endurvinnslutunnu á terra.is**

terra

**Sími** 535 2500 | **Netfang** terra@terra.is | **www.terra.is**

# Einfalt að farga ónýtum bíl

Hringrás er stærsti móttakandi bíla til förgunar. Fyrirtækið býður upp á rafræna undirskrift skilavottorða á nýrri vefsíðu til að spara viðskiptavinum sínum sporin, tíma og fyrirhöfn.

Þegar kemur að því að farga bílum getur Hringrás séð um ferlið frá upphafi til enda. Nýlega var ráðist í að gera nýja síðu, hringras.is/bilar, þar sem viðskiptavinir geta fyllt út skilavottorð í gegnum vefsíðuna og undirritað með rafrænum skilríkjum.

„Markmið okkar er að færa okkur nær nútíma kröfum neytenda og bæta þjónustu við viðskiptavini með því að spara þeim sporin,“ segir Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hringrásar, sem er eitt elsta endurvinnslufyrirtæki landsins og hefur verið starfrækt í ein 60 ár.

„Fyrir þá sem þess óska er nú hægt að undirrita skilavottorð með rafrænum hætti og losa sig þannig við ónýtan bíl án þess að fara á marga staði. Það sparar bæði tíma og fyrirhöfn,“ segir Daði og hjá Hringrás er þetta einfalt:

1. Bíl er komið á móttökustöð eða sóttur af þjónustuaðilum Hringrásar, að kostnaðarlausu innan höfuðborgarsvæðisins og á Akureyri, en annars gegn samkomulagi.
2. Skilavottorð er fyllt út og bíllinn afskráður.
3. Eigandi bílsins fær greiddar 20.000 krónur inn á reikninginn sinn.



Spilliefni, dekk, rafgeymir, olia og eldsneyti eru fjarlægð og þeim fargað.



Gamli bíllinn er pressaður í böggul sem er sendur út til frekari endurvinnslu.

> Nú er hægt að losa sig við ónýtan bíl án þess að þurfa að fara á marga staði. Það sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

### Rafræn undirritun skilavottorðs

„Með því að nýta sér rafræna afskráningu einföldum við áður flókið ferli þar sem eigandi þurfti að vera á staðnum þegar bíllinn var sóttur, afhenda pappíra og koma númeraplötum á rétta staði. Með nýju fyrirkomulagi er þetta auðveldara,“ útskýrir Daði.

- Viðkomandi þarf að vera skráður eigandi bílsins
- Innskráning með rafrænum skilríkjum
- Bílnúmer látin fylgja bílnum, ef þau eru ekki þegar innlögð
- Hringrás fargar bílnum

### Hvað verður um gamla bílinn?

„Margir velta fyrir sér hvað verður um gamla bílinn. Hringrás selur ekki varahluti úr bílum enda störfum við sem endurvinnslufyrirtæki,“ upplýsir Daði.

„Eftir að skilavottorð hefur verið fyllt út og bíllinn er kominn til Hringrásar fer hann í gegnum ferli þar sem öll spilliefni, svo sem dekk, rafgeymar, vökvar, olíur og eldsneyti eru fjarlægð og send til endurvinnslu eða förgunar samkvæmt ströngustu kröfum um umhverfisvernd. Bíllinn er svo pressaður í böggul sem sendur er til frekari endurvinnslu erlendis,“ segir Daði.

### Endurvinnsla og umhverfið

Samstarfsaðilar Hringrásar í Evrópu sjá um að endurvinna alla málma og plastefni með bestu mögulegu tækni. Endurvinnsluhlutfall efna úr bílum sem fargað er hjá Hringrás er með því hæsta sem gerist í heiminum.

### Viltu farga bíl?

Til að farga bíl ferðu inn á vefsíðuna **hringras.is/bilar** eða hefur samband við starfsfólk okkar í síma: 550 1900, netfang: afgreidsla@hringras.is.

Móttökustöðvar Hringrásar eru að Klettagörðum 9, Reykjavík, og að Ægisnesi 1, Akureyri.

# Fræga fólkið flýgur mest

Ríka og fræga fólki í heiminum er orkufrekt þegar kemur að flugi. Lífsstíll þessa fólks felur í sér margvísleg ferðalög á einkaþotum sem hafa áhrif á loftslagið. Sumir eru nánast alltaf í loftinu.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Norskur prófessor, Stefan Gössling, hefur safnað að sér upplýsingum um ferðalög fræga fólksins og reiknað út hversu mikið það losar út í andrúmsloftið. Upplýsingar um ferðirnar fékk hann í gegnum samfélagsmiðla. Sá sem flaug mest er Bill Gates en ferðir hans losuðu um 1.600 tonn koltvísýrings ($CO_2$). París Hilton og Jennifer Lopez komu þar á eftir með 1.260 og 1.050 tonn. Sú sem minnst ferðaðist í flugi var leikkonan Emma Watson með 15 tonn koltvísýrings ($CO_2$). Venjulega fólkið er talið losa um 100 kg. Það er frekar lítill hópur manna sem keyrir upp losunina með orkufrekum lífsstíl, segir prófessorinn. Einkaþotur fræga fólksins eru hluti af þessum lífsstíl. Aðrir sem nefndir voru eru Karl Lagerfeld, Mark Zuckerberg og Oprah Winfrey auk nokkurra stjórnmálamanna og viðskiptajöfra.

Fræga og ríka fólkið hefur mikil áhrif á almenning og lífsstíl hans. Stjörnurnar ná til milljóna í gegnum samfélagsmiðla og þær eru miklir áhrifavaldar. Fræga fólkið sem Stefan nefnir í grein sinni er með samanlagt um 170 milljónir fylgjenda á Instagram. Hann er efins um að fræga fólkið taki þátt í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Þótt það segist vilja breyta heiminum mun það samt halda áfram sínum orkufreka lífsstíl. Sjálfur hefur hann lengi starfað við loftslagsmál og segir að umræðan hafi breyst undanfarið. Hann þakkar Gretu Thunberg fyrir að vekja máls á umhverfismálum og að setja af stað mótmæli undir slagorðinu Föstudagar fyrir framtíðina en þau séu mjög góður þrýstingur á stjórnmálamenn.





Bill Gates heldur erindi og fyrirlestra um allan heim. Hann flýgur á milli staða og er alltaf á ferðinni. Nýlega var hann í Kína. NORDICPHOTOS/GETTY



Jennifer Lopez flýgur mikið í einkaþotu vegna starfa sinna. Hún er bæði með tónleika víða og leikur í kvikmyndum.

Það var til dæmis eftir því tekið þegar John Kerry, fyrrverandi utanríkisráðherra og forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum, tók á móti verðlaunum fyrir baráttu í umhverfismálum á Arctic Circle ráðstefnunni í Hörpu nýlega, að hann kom fljúgandi á einkaþotu. Þótti mörgum það skjóta skökku við. Greta Thunberg ferðast um víða veröld en eingöngu á skipum og í lestum.

Stefan bendir á að ungt fólk í dag sé farið að meta hvort flug sé í raun nauðsynlegt. Ungmennin skoða flugið frá því að vera mjög mikilvægt yfir í algjöran óþarfa. Umræðan hefur aukist mikið um flugferðir, ekki bara hjá fáum hugsjónamönnum. Hin unga Greta hefur skapað mikla umræðu langt út fyrir heimaland sitt og hefur áhrif á skoðanir ungs fólks. Þess ber þó að geta að engin þjóð í Evrópu er eins háð flugi og Íslendingar. Aðrar þjóðir geta auðveldlega ferðast með lestum.

> Stjörnurnar ná til milljóna í gegnum samfélagsmiðla og þær eru miklir áhrifavaldar. Þessir fáu eru með samanlagt um 170 milljónir fylgjendur á Instagram.

Grein Stefans heitir Celebrities, air travel, and social norms.

# UMHVERFISVÆNI RUSLAPOKINN




**Hugsum áður en við hendum!**

Umhverfisvæni ruslapokinn er úr maíssterkju sem brotnar niður á nokkrum vikum án þess að valda skaða í náttúrunni.

Umhverfisvæni ruslapokinn er með handföngum og passar vel í ruslatunnur á heimilum eða sem burðarpoki í verslunum.

**SEGÐU NEI VIÐ PLASTI**

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**

**www.igf.is**

Umhverfisvæna ruslapokann má nálgast í öllum helstu verslunum

# Notað fær nýtt líf


Á flestum heimilum fellur til ýmislegt sem hægt er að endurnýta heima fyrir.

**Glerkrukkur, fatnaður, sængurföt og gjafapappír eru á meðal þess sem hægt er að gefa nýtt líf með því að nota hugmyndaflugið.**


Sigríður Inga Sigurðardóttir
siggainga@gmail.com





Sparið plastið með því að taka með ykkur poka út í búð.

Sífellt fleiri gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt er að flokka sorp og skila í endurvinnslu öllu því sem hægt er að endurvinna. Á flestum heimilum fellur þó til ýmislegt sem hægt er að endurnýta heima fyrir og gefa um leið nýtt líf.

Glerkrukkur eru eitt af því sem til fellur á mörgum heimilum en þær má endurnýta fyrir eitt og annað. Glerkrukkur má t.d. nota undir matvæli en þær henta sérstaklega vel fyrir alls konar fræ, hnetur, kókosflögur, krydd og rúsínur svo eitthvað sé nefnt. Tilvalið er að nota glerkrukkur fyrir sultur, svo sem rabarbara- eða bláberjasultu, en þá er mikilvægt að hreinsa krukkurnar vel, t.d. með því að sjóða þær. Sultur eru sívinsælar til gjafa en aðeins þarf að setja smekklegt efni á lokið og útbúa fallegan merkimiða og þá er komin skemmtileg gjöf. Þá er hægt að nota glerkrukkur fyrir blóm til að punta upp á heimilið. Glerkrukkur geta komið vel út sem tannburstaglös, undir penna, fyrir tölur eða tvinna eða í raun hvað sem er. Ef engin not finnast fyrir gamlar glerkrukkur er best að fara með þær í endurvinnslu og setja þær í gáminn fyrir steinefni.

### Handklæði verða tuskur

Þegar handklæði eru orðin gömul og slitin er hægt að gefa þeim nýtt hlutverk með því að klippa þau niður í þvottapoka eða tuskur. Sængurver sem hafa sungið sitt síðasta geta nýst sem pokar undir t.d. flöskur og dósir. Þau er síðan hægt að þvo og nota aftur og aftur.

Föt sem eru aldrei notuð eða passa ekki lengur má gjarnan gefa áfram svo þau nýtist öðrum. Ef það er ekki hægt, eða ef fötin eru einfaldlega orðin of slitin má sauma nýjar flíkur eða annað upp úr þeim. Gamlar gallabuxur geta t.d. orðið að smart gallatösku. Sniðugt er að rekja upp prjónafatnað og nota garnið á ný, svo sem fyrir nýja vettlinga eða trefla. Ef ekkert hlutverk finnst fyrir fatnað er æskilegt að fara með hann í safngáma hjálparsamtaka. Fötin eru þá flokkuð af sjálfboðaliðum og gefin til þeirra sem þurfa á þeim að halda, hérlendis sem erlendis. Hluti fatnaðar er seldur til fataflokkunarstöðva í útlöndum eða í verslunum t.d. Rauða krossins eða Hjálpræðishersins. Öll föt og klæði þurfa að vera hrein þegar þau eru sett í fatagámana en engu máli skiptir þótt þau séu rifin eða slitin, þá eru þau einfaldlega nýtt í endurvinnslu og búin til úr þeim teppi og ýmislegt annað.

Gjafapoka má nota oftar en einu sinni, líkt og gjafapappír. Gjafakort má líka nota aftur með því t.d. að klippa út framhliðina á þeim, líma á þykkan pappír og þá er komið nýtt kort. Mikilvægt er að flokka pappír sem ekki nýtist og setja í endurvinnslu. Hægt er að framleiða t.d. salernispappír, eldhúspappír, dagblaðapappír og fleira úr endurunnum pappír.

» Sængurver sem hafa sungið sitt síðasta geta nýst sem pokar undir t.d. flöskur og dósir.


Glerkrukkur geta komið vel út sem tannburstaglös, undir penna, fyrir tölur eða tvinna eða í raun hvað sem er.


ÞAÐ TEKUR AÐEINS UM 30 SEK. AÐ SKIPTA UM POKA

SJÁLFBÆR FLOKKUN SORPS ER KRAFA

Paxxo Longopac flokkunarkerfið er byltingarkennd lausn í sjálfbærri flokkun. Paxxo er sænskur framleiðandi í fremstu röð á sínu sviði í heiminum.



30% AFSLÁTTUR Í OKTÓBER

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17


COMMERZ
H: 100 cm B: 107,5 cm D: 44 cm
132.230 KR.
VERÐ ÁÐUR 188.900 KR.


LONGOSTAND MINI
H: 100 cm B: 107,5 cm D: 44 cm
9.023 KR.
VERÐ ÁÐUR: 12.890 KR.


MINI BULLET
H: 86 cm B: 38 cm D: 20 cm
27.923 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.890 KR.

PAXXO

olís | REKSTRARLAND

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is



# Fagleg og heildstæð þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

**MÁLMA** ENDURVINNSLAN

## Við kaupum brotamálm

| | | |
|---|---|---|
| Millberry Kopar/Eir – ISK 400 á kg. | Brotajárn – ISK 4 á kg. | Kopar/Eir – ISK 380 á kg. |
| Brass/Messing – ISK 260 á kg. | Brons – ISK 280 á kg. | Kaplar – ISK 45 á kg. |
| Ryðfritt stál – ISK 70 á kg. | Ál – ISK 65 á kg. | Blý – ISK 80 á kg. |
| Zink – ISK 50 á kg. | Brotamálmur þungur í bræðslu – ISK 4 á kg. | Rafmótorar – ISK 35 á kg. |
| Offset prentplötur úr áli – ISK 80 á kg. | Tungsten – ISK 400 á kg. | Brotastál – ISK 5 á kg. |
| Stálstrengir – ISK 7 á kg. | Spennubreytar – ISK 35 á kg. | Hvarfakútar – Leitið tilboða |

**MÁLMA** ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is



Gott er að endurvinna gamlan pappír og bönd fyrir vistvænni jólapakka. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Grænni jól

Það styttist í jólin og margir eru farnir að huga að jólagjöfum og jólaundirbúningi. Jólin eru hátíð ljóss og friðar en líka hátíð neyslunnar.

- Gefðu heimatilbúna gjöf. Hvar liggja hæfileikarnir? Í prjónaskap, sultugerð eða listum?
- Gefðu upplifun. Bjóddu í leikhús, á námskeið eða í ferð með útivistarfélagi.
- Gefðu áskrift. Þekkirðu sjónvarpssjúkling? Gefðu honum áskrift að góðri sjónvarpsrás og tónlistarunnandanum áskrift að tónlistarvefverslun.
- Gefðu bágstöddum. Öll þekkjum við fólk sem á allt og vantar ekkert. Gefðu til góðs málefnis í þess nafni og sendu því kort sem útskýrir hvernig gjöfin mun nýtast til góðs.

Hver kannast ekki við að eiga allt of mikið af innpökkunarefni inni í skáp, hættum að bæta við í hrúguna og …

- Notum til dæmis einfaldan maskínupappír sem auðveldara er að endurvinna.
- Endurnýtum dagblöð, tímarit eða plaköt sem gjafapappír og útkoman getur orðið mjög frumlegur jólapakki.
- Göngum vel frá pappírnum sem gjafirnar okkar voru í og notum aftur að ári.
- Setjum tvær gjafir saman í eina með því að nota sjálfa gjöfina í innpökkunina, til dæmis tauinnkaupapoka, trefla, sjöl og dúka.

Sá sem fær slíkan pakka, veit að meiri hugsun hefur farið í gerð hans og að þér er umhugað um hann með því að gera þitt til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

*Heimild: Umhverfisstofnun, ust.is*

# Heimagerð sápa

Það er sniðugt að safna saman afgöngum af sápustykkjum og blanda þeim saman og búa til nýja sápu. Sápuafgangarnir eru látnir liggja í bleyti í sólarhring og hrært í þeim af og til. Svo er vatnið með sápuafgöngunum soðið svo sápan bráðni alveg. Því næst er ólífuolíu bætt út í og hrært vel.

Það má setja smá haframjöl út í til að búa til skrúbb og sítrónusafa til að fá ferska lykt. Því næst er sápunni hellt í form og hún látin harðna.

Með þessu móti er hægt að nýta sápuna mun lengur og auk þess getur verið gaman að föndra sápustykkin með fjölskyldunni.



Hægt er að nota smákökumót til að forma sápurnar NORDICPHOTOS/GETTY




Grænir skátar koma með söfnunarílát í sorpgeymsluna, tæma þau reglulega, og greiða húsfélaginu hluta af skilagjaldinu segir Júlíus, Aðalsteinsson.

# Skátar sækja en húsfélagið fær greitt

Nú geta íbúar í fjölbýli safnað einnota drykkjarumbúðum í sorpgeymslunni. Grænir skátar bjóða nú þá þjónustu að annast flokkun og talningu einnota drykkjarumbúða fyrir húsfélög fjölbýlishúsa.

Grænir skátar hafa fundið fyrir aukinni þörf fyrir þessa þjónustu við húsfélögin vegna þeirrar þróunar að fólk er farið að flokka meira, og einnota drykkjarumbúðir (flöskur og dósir) eru einn flokkurinn sem fólk vill geta skilað í sinni sorpgeymslu.

„Grænir skátar koma með söfnunarílát í sorpgeymsluna, tæma þau reglulega, og greiða húsfélaginu hluta af skilagjaldinu. Þessi þjónusta hefur verið í boði um nokkurt skeið en það er verið að hleypa henni almennilega af stokkunum núna. Grænir skátar hafa í nokkur ár þjónustað fyrirtæki með svipuðum hætti, bæði veitingastaði og skrifstofur. Eftir að hafa fengið fyrirspurnir um að veita þessa þjónustu líka til húsfélaga förum við að snúa okkur að því að finna lausnir sem gætu hentað í þetta verkefni,“ segir Júlíus Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Grænna skáta.

„Með því að nýta sér þessa þjónustu losnar fólk við það vesen sem fylgir því að fara með flöskur og dósir í burtu, þannig að við bjóðum upp á þennan á valkost til aukinna þæginda,“ segir Júlíus.

> **Við finnum út hversu oft við þurfum að tæma hvern stað miðað við hve fljótt söfnunarílátin fyllast. Það er líka alltaf hægt að hafa samband við okkur ef það verður yfirfullt og við komum og tæmum.**

Í dag eru Grænir skátar að þjónusta um tuttugu húsfélög og hátt í 100 fyrirtæki, en fyrirtækjaþjónustan er búin að vera í boði frá árinu 2012. Júlíus segir að í meðalstórum stigagangi falli til um 500 flöskur og dósir á viku. „En húsfélögin eru auðvitað misstór og mismunandi hvað neyslan er mikil. Því finnum við út hversu oft við þurfum að tæma hvern stað miðað við hve fljótt söfnunarílátin eru að fyllast. Það er líka alltaf hægt að hafa samband við okkar ef það verður yfirfullt og við komum og tæmum.“



Margir hafa þegar hætt að nota plastpoka og taka með sér innkaupatösku í búðina.

## Plastið víkur

Samtök verslunar og þjónustu og Umhverfisstofnun vinna í sameiningu að verkefni sem felur í sér að verslanir á Íslandi dragi úr sölu á einnota burðarpokum og hvetji notendur til að draga úr einnota burðarpokanotkun, að því er greint er frá á síðu Umhverfisstofnunar ust.is

Markmiðið er að árið 2019 kaupi hver Íslendingur að hámarki 90 stykki af einnota burðarpokum á ári og að árið 2025 verði þeir komnir í aðeins 40 stykki á ári. Tölur eru á reiki um hver eiginleg notkun er í dag en hún liggur einhvers staðar á milli 100 og 200 poka á ári á hvern íbúa á Íslandi.


FRÁBÆRT HAUST TILBOÐ
Á ÞESSUM LEGSTEINUM
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Ljúf minning lifir
299.900 KR.
MEÐ BEÐRAMMA
LUKT OG VASA
FULLT VERÐ: 544.250,-
2006 SB
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Blessuð sé minning þín
2020 SB
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Ljúf minning lifir
2042-1 SB
139.900 KR.
MEÐ SPÖRFUGLI
FULLT VERÐ: 291.650,-
289.900 KR.
MEÐ BEÐRAMMA
LUKT OG VASA
FULLT VERÐ: 529.250,-
VERÐ MIÐAST VIÐ ÁLETRAÐAN* STEIN
MEÐ UPPSETNINGU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
ATH. GRANÍTHÖLLIN ER FLUTT
AÐ FOSSALEYNI 16, 112 REYKJAVÍK
*Hefðbundin áletrun, 1 nafn
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Heimabakað brauð er alltaf best, sérstaklega þegar það er nýbakað.

# Hollt brauð

Nýbakað hollt og gott brauð er það besta. Hér er uppskrift að einu slíku en hún ætti að gefa 20 rúnnstykki.

**1 dl kínóa**
**3 dl vatn**
**2 dl fiber-haframjöl**
**50 g ger**
**3 dl mjólk**
**50 g mjúkt smjör**
**2 msk. síróp**
**1 egg**
**½ msk. hafsalt**
**1 l hveiti**

Sjóðið kínóa í vatni í 10 mínútur. Takið af hitanum og bætið haframjölinu saman við. Hrærið og látið standa í 5 mínútur. Setjið mjólk, kínóablönduna, smjör, síróp, egg, ger, salt og hveiti í hrærivélarskál og hrærið allt saman í 10 mínútur. Takið deigið upp og leggið í ofnskúffu sem klædd hefur verið með bökunarpappír. Skerið deigið í hæfileg rúnnstykki, og látið hefast undir plastfilmu í 40 mínútur.

Hitið ofninn í 225°C. Penslið deigið með vatni og stráið haframjöli yfir. Lækkið hitann í 200°C og bakið brauðið í um það bil 25 mínútur neðarlega í ofni.

Látið kólna og skerið í ferhyrnd rúnnstykki.

# Heilbrigði á ferð og flugi

Það er fátt jafn endurnærandi og gott frí. En sum frí virðast taka meiri orku en gefa. Það er því mikilvægt að passa upp á heilsuna á meðan á ferðalagi stendur.

## Nokkur ráð til þess að passa upp á heilsuna á ferðalögum

- Varast sýklana. Það er engin þörf á sótthræðslu en það er sjaldnast sem fólk kemst í tæri við jafn mikið af nýjum sýklum og á ferðalögum. Fjölsóttir staðir á borð við flugvelli, flugvélar, lestarstöðvar, leigubíla og hótel eru smekkfullir af sýklum. Það er því afskaplega sniðugt að taka með sér sótthreinsigel og sprey og sótthreinsiklúta.
- Passa magann. Þá kannast ýmsir við magakveisur erlendis en ný lönd þýða nýir sýklar. Aðalatriðið er að vera með opin augu og ekki borða á vafasömum stöðum og ekki er verra að lesa umsagnir um veitingastaði áður en farið er á þá. Það getur líka verið gott að taka inn góðgerla á meðan á ferðalaginu stendur og svo hafa sumir mælt með því að fá sér staup af eplaediki fyrir framandi máltíðir.
- Drekka nóg af vatni. Það er alltaf mikilvægt að gæta þess að drekka nóg af vatni, sérstaklega á ferðalögum og bæði í flugvélum og eftir að hafa ferðast með flugvélum.



Það er ekki gaman að veikjast á ferðalagi um heiminn. NORDICPHOTOS/GETTY

- Fara varlega í áfengið. Timburmenn eru óþægilegir og tímafrekir. Það getur verið svekkjandi að sóa dýrmætum tíma erlendis í að vera þunn/ur inni á hótelherbergi.
- Taka með jógadýnu eða æfingateygju. Þá er alltaf sniðugt að kippa með handhægum búnaði sem gerir þér kleift að æfa hvar sem er. Jógadýnan kemur sér alltaf vel og enn fremur æfingateygja en þær taka ekkert pláss og geta margfaldað árangur hverrar æfingar.


# Úthlutun lóða að Súluhöfða 32-57

**Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt úthlutunarskilmála og lágmarksverð hverrar lóðar**

- Lóðirnar eru allar ætlaðar fyrir einbýlishús samkvæmt gildandi skipulagi. Þær lóðir sem eru fyrir neðan götu liggja samkvæmt deiliskipulagi að sjó með óskert útsýni yfir voginn og flóann auk þess að vera í næsta nágrenni við útivistarsvæði og golfvöll.
- Einungis einstaklingum er heimilt að sækja um lóðirnar og heimilt er að gera tilboð í fleiri en eina lóð. Hver umsækjandi getur hinsvegar einungis fengið einni lóð úthlutað.
- Alls eru nú til úthlutunar 15 lóðir og verður hverri lóð úthlutað til þess aðila sem gerir hæst tilboð í viðkomandi lóð, enda uppfylli viðkomandi aðili öll fjárhagsleg skilyrði og geti sýnt fram á fjármögnun lóðar og byggingar einbýlishúss.
